

Ársskýrsla  
lögreglustjórans á  
höfuðborgarsvæðinu

2011

# Ársskýrsla

---

2011



LÖGREGLUSTJÓRINN Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu  
[www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
[www.facebook.com/logreglan](https://www.facebook.com/logreglan)  
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild  
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.  
Prentun: Litlaprent  
Umbrot: Grafika  
Útgefið í júlí 2012

## Efnisyfirlit

AFREK .....	5
SKIPURIT .....	7
HELSTU MARKMIÐ LRH .....	8
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN.....	10
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU .....	12
Manndráp og líkamsárásir .....	15
Rán og fjársvik .....	19
Innbrot og þjófnaðir .....	22
Kynferðisbrot og heimilisofbeldi .....	24
Umferðarefirlit .....	26
Banaslys og hraðakstursbrot.....	28
Ábyrgðarleysi ökumanna .....	30
Fréttir úr umferðinni .....	32
Brunar og íkveikjur.....	35
Straumsvíkurmálið.....	37
Fíkniefni og vopn .....	38
Kannabisræktanir .....	40
Menningarnótt .....	42
Óvenjuleg verkefni.....	43
Lögreglan og samfélagsmiðlar.....	45
Hverfa- og svæðafundir.....	46
Eitt og annað.....	47
REKSTUR .....	50
Rekstraryfirlit .....	52
VIÐAUKAR.....	55





## Afrek

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur frá stofnun starfað á grunni skýrra markmiða og lagt áherslu á nokkur lykilatriði í sínum störfum til að tryggja sem best að þeim markmiðum verði náð. Þetta hefur að miklu leyti gengið vel eins og sjá má í þessari ársskýrslu, á fyrirliggjandi tölum um fækkun afbrota og því mikla trausti sem almenningur ber til lögreglunnar og hennar starfa. Þessi árangur er fyrst og fremst verk samhents starfsfólks og stjórnenda, sem leggur sig fram um það dag og nótt að sinna störfum sínum af metnaði og heiðarleika.

Þessi góði árangur er ekki síst áhugaverður í ljós þess mikla niðurskurðar sem embættið hefur staðið frammi fyrir á undanförunum árum. Niðurskurðarkröfunni hefur verið mætt með margvíslegum hætti, starfsfólki hefur fækkað verulega, breytingar hafa verið gerðar á skipulagi og vaktakerfum, verkefnum hefur verið hætt og allra leiða leitað til að hagræða og spara í rekstri svo fátt eitt sé nefnt. Gætt hefur verið að því að þessar aðgerðir hafi sem minnst áhrif á möguleika lögreglunnar til að sinna grunnþjónustu og bráðatilvikum. Með hliðsjón af öllu þessu er ekki hægt að lýsa þeim árangri sem starfsfólk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur náð á undanförunum árum öðruvísi en svo að kalla það afrek.


Að mati undirritaðs hefur allt of langt verið gengið í niðurskurði til löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að vel hafi gengið við fækkun afbrota þá er ljóst að fækkun starfsmanna hefur haft veruleg áhrif á ýmsa þætti og málshraði í málum sem ekki teljast til brýnustu forgangsmála er óviðunandi. Þá hefur öll stoðþjónusta innan embættisins liðið fyrir niðurskurðinn, sem á því sviði er í flestum tilvikum meiri en á beina löggæslustarfsemi. Áhrif þess eru neikvæð en koma hins vegar ekki fram strax.

Þingmenn og aðrir ráðamenn láta oft í sér heyra um málefni lögreglunnar og ég skynja í þeim orðum skilning á stöðu lögreglunnar. Sá skilningur þarf að vera bæði í orði og á borði.

*Stefán Eiríksson lögreglustjóri*




Skipurit





## HELSTU MARKMIÐ LRH



Frá upphafi hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu unnið að því að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja í umdæminu. Hér er um grundvallarmarkmið að ræða og því má aldrei sofna á verðinum. Árangurinn hverju sinni er mældur í árlegri viðhorfskönnun, sem embættið lætur framkvæma. Sumarið 2011 var slík könnun lögð fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi sig vera örugga (mjög eða frekar) eina á gangi að næturlagi í sínu hverfi eða byggðarlagi. Þá töldu tæplega 85% þátttakenda lögregluna skila mjög eða nokkuð góðu starfi í sínu hverfi. Um niðurstöður könnunarinnar má lesa ítarlega í skýrslunni *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim*. Samnefnda skýrslu er að finna á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)).

Sýnileg löggæsla gegnir lykilhlutverki þegar kemur að grundvallarmarkmiði embættisins. Markviss upplýsingamiðlun er sömuleiðis mikilvæg leið að settu marki en árið 2011 varð lögreglan á höfuðborgarsvæðinu nokkuð áberandi á Facebook. Um það er fjallað frekar annars staðar í ársskýrslunni, en lögreglan fékk mjög góðar viðtökur á þessum vinsæla samskiptavef. Af öðrum markmiðum embættisins má nefna stefnu þess að fækka afbrotum á nánar afmörkuðum sviðum (eignaspjöll, innbrot, þjófnaðir og líkamsárásir). Lögreglunni varð vel ágengt, en bæði ofbeldisbrotum og innbrotum fækkaði verulega frá árinu á undan. Minni háttar skemmdarverkum fækkaði einnig á sama tímabili.

Lögreglunni er líka umhugað um fækkun umferðarslysa í umdæminu og er það eitt af forgangsmálum hennar. Að jafnaði varð eitt umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi árið 2011, en með samstilltu átaki allra er hægt að fækka þeim enn frekar. Ölvunarakstursbrotum fækkaði lítillega á árinu. Því miður varð ekki sama þróun þegar kemur að akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Það er áhyggjuefni. Áfram verður hins vegar unnið að markmiðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og hvergi slakað á í þeirri baráttu. Um markmið embættisins má lesa ítarlega í skýrslunni *Grundvallarstefna og langtímaáætlun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og stefna einstakra deilda 2008 – 2011*. Samnefnda skýrslu er að finna á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)).



# Embættið í hnotskurn

 Mannfjöldi   
  Hlutfall af höfuðb.sv.   
  Hlutfall af Íslandi   
  Hlutfall erlendra   
  Fjöldi ríkisfanga   
  Stærð í km<sup>2</sup>   
  Fjöldi grunnsk.   
  Fjöldi leiksk.   
  Fjöldi framhaldssk.



Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfuðb. sv.



Mannfjöldi

202.341



Hlutfall af Íslandi

63,5%



Hlutfall erlendra

6,9%



Fjöldi ríkisfanga

132



Stærð í km<sup>2</sup>

1,042



Fjöldi grunnsk.

74



Fjöldi leiksk.

158



Fjöldi framhaldssk.

16

Ísland

318.452

100%

6,6%

136

103,125

174

289

35



271 karlar



49 konur

Lögreglumenn 320



26 karlar



63 konur

Borgaralegir starfsmenn 89

Fjöldi ökutækja í lok árs 2011



5

Merktar stórar bifreiðar



26

Merktar fólksbifreiðar



15

Ómerktar fólksbifreiðar



13

Bifhjól

Samtals 59

Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2011



970.618

Akstur merktra ökutækja



265.882

Akstur ómerktra ökutækja



146.855

Akstur bifhjóla

Samtals 1.383.355

# HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

## 29. desember

### BÁTSFERÐ STÖÐVUÐ

Lögreglan hafði afskipti af karli og konu í árabát í Reykjavíkurbörn í gærkvöld. Báturinn var enn við bryggjuna þegar laganna verðir komu á vettvang en fólkíð sagðist hafa íhugað að fara á bátum út í Viðey. Því var gert að ganga frá bátnum um leið og bent var á augljósar hættur þess að róa út í Viðey og það um hávetur. Þess má geta að fólkíð, sem var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna, var ekki í björgunarvestum né virtist það hafa nein áform um að klæðast slíkum öryggisbúnaði.

*lrh.is*

Mál af öllu tagi komu til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2011, en þetta fimmta starfsár embættisins var mjög viðburðaríkt. Þrjú manndrápsmál voru þar á meðal, en yngsta fórnarlambið var kornabarn, sem fannst látið í ruslagámi. Konu um tvítugt var ráðinn bani í Heiðmörk og karl á fimmtugsaldri lést af völdum áverka, sem hann varð fyrir á veitingahúsi. Morð vekja alltaf óhug, en ofbeldisbrot árið 2011 voru samt færri en undanfarin ár. Þar kemur til fækkun minni háttar líkamsárása, en fjöldi meiri háttar líkamsárása er svipaður og áður. Það er verðugt verkefni að fækka alvarlegum líkamsárásum enda eru þær oft mjög hrottalegar. Í nokkrum tilvikum var tvísýnt um líf þolenda og því hefðu manndrápsmálin árið 2011 hæglega getað orðið fleiri. Samhliða ofbeldi er vopnaburður áhyggjuefni en árlega leggur lögreglan hald á verulagt magn af vopnum.

Byssur og hnífar komu við sögu í allmörgum málum, en lögreglan rannsakaði m.a. skotárás í Bryggjuhverfinu. Blessunarlega sakaði engan en skemmdir urðu á bifreið. Málið tengdist fíkniefnaviðskiptum, en þeir sem stóðu að árásinni höfðu líka stóra kylfu meðferðis. Lögreglan tók hana í sína vörslu, en á árinu var þó mest lagt hald á hnífa og byssur af ýmsu tagi. Vopn finnast gjarnan við húsleit og oftar en ekki eru þá fíkniefni þar líka innandyra. Aukinn vopnaburður kemur lögreglunni ekki á óvart, en hún hefur varað við þróuninni. Ekki síst með tilliti til tengingar brotamanna hérlendis við erlenda glæpahópa, t.d. Hells Angels og Outlaws. Meðlimir úr báðum hópunum komu einmitt við sögu

## 5. maí

### ÓVENJULEG VERKEFNI

Á hverjum degi sinnir lögreglan fjölmörgum verkefnum og útköllin eru fjölbreytt eftir því. Í gærkvöld var víða óskað eftir aðstoð lögreglunnar en hún reynir auðvitað ávallt að bregðast fljótt og vel við. Á tíunda tímanum var tvisvar óskað eftir aðstoð með skömmu millibili og málin virtust alvarleg. Í því fyrra var tilkynnt um mann í nauðum en sá hrópaði á hjálp úr kirkjuturni. Þegar á vettvang var komið voru þar fyrir kvikmyndagerðarmenn að störfum og alls engin hætta á ferðum. Seinna tilvikið var öllu alvarlegra enda hafði maður verið sleginn með golfkylfu. Sá slasaðist eitthvað en um óviljaverk var að ræða. Gerandinn var að æfa sveifluna þegar svona illa fór en svo virðist sem þolandinn hafi staðið of nálægt meðan á því stóð. Á ellefta tímanum var tilkynnt um óboðinn hest sem var kominn inn í íbúðahverfi og var farinn að bíta gras í húsagarði í óþökk íbúanna. Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir. Og um miðnætti var tilkynnt um ónæði þar sem dugmiklir iðnaðarmenn voru að störfum í fjölbýlishúsi. Þeir voru beðnir um leggja frá sér tæki og tól enda á svona vinnu að fara fram á öðrum tíma. Margt fleira bar til tíðinda á kvöldvaktinni, sem gekk annars bara vel fyrir sig.

*lth.is*

lögreglunnar í mjög alvarlegum og hrottafengnum málum. Ofbeldið hefur jafnframt kallað á umræðu um vopnaburð lögreglunnar, en þeirri orðræðu verður ekki gerð skil á þessum vettvangi.

Sibreytileg veröld gerir það að verkum að lögreglan þarf stöðugt að vera vel á verði. Skipulögð brotastarfsemi er raunveruleiki sem þarf að fást við. Erlendir glæpahópar hafa teygt anga sína til Íslands, en einn þeirra kom við sögu í mjög ófyrirleitnu ráni, sem var framið í úraverslun í Reykjavík. Nokkra daga tók að upplýsa málið, en grímuklæddir þjófarnir komust undan með tugi verðmætra úra. Með þrautseigju fannst þýfið og um síðir tókst að hafa hendur í hári ræningjanna. Annar glæpahópur gerði sér einnig ferð í áðurnefnda úraverslun, en beitti öðrum aðferðum. Hinir sömu, sem þá framvísuðu fölsuðum greiðslukortum, voru handteknir á staðnum enda sá kaupmaðurinn við þeim. Árlega eru framin allmörg rán í umdæminu og 2011 var engin undantekning í þeim efnum. Líkt og áður gekk jafnan vel að upplýsa þau fljótt og örugglega.

Umferðarmál eru alltaf fyrirferðarmikil hjá lögreglu enda mikil áhersla lögð á þennan málaflokk. Markvisst hefur verið unnið að fækkun umferðarslysa í umdæminu, en betur má ef duga skal. Því miður er eins og umferðin taki alltaf sinn toll, en tvö banaslys urðu á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Aldraður karl lést í öðru þeirra, en hann var fótgangandi og varð fyrir strætisvagni. Ungur piltur dó í hinu slysinu, en hann var farþegi í bifreið, sem var ekið ógætilega í miðborginni. Fjölmörg hraðakstursmál komu til kasta lögreglu og virðast ökumenn seint ætla að sjá að sér í þeim efnum.



## 4. október

### SKOTHYLKI VIÐ ALÞINGISHÚSIÐ

Karlmaður á miðjum aldri hefur gefið sig fram við lögreglu og sagt að líklega eigi hann skothylkin sem fundust við Alþingishúsið í morgun. Maðurinn var á Austurvelli í gærkvöld en daginn áður var hann að svipast um eftir gæs og var því með örfá 22 kalíbera skot í brjóstvasanum. Hann taldi sig hafa misst nokkur skot á Austurvelli en var ekki viss í sinni sök fyrr en hann heyrði fjallað um málið í fréttunum. Maðurinn hefur lagt fram til samanburðar þau skot sem hann var með og reyndust þau vera sömu gerðar og skotin sem fundust við Alþingishúsið.

Maðurinn, sem er vanur veiðimaður, hefur gert grein fyrir ferðum sínum í gær en ekkert bendir til annars en hann hafi verið á Austurvelli í gærkvöld í friðsömum tilgangi. Að endingu má geta þess að lögreglan hefur rifjað upp með honum helstu reglur um vörslu og meðferð skotfæra. Af framansögðu telur lögreglan komna líklega skýringu á skothylkjunum sem fundust við Alþingishúsið.

*lrh.is*

Baráttan við fíkniefnabölið hélt líka áfram á árinu 2011. Fjölmargar kannabísræktanir voru stöðvaðar á höfuðborgarsvæðinu, en margar þeirra voru stórar í sniðum og búnaðurinn eftir því. Lögreglan tók í sína vörslu svipað magn af marjúana og árið 2010. Hins vegar var lagt hald á mun meira af amfetamíni og e-töflum, en árið á undan. Hluta þess var að finna í gámi, sem kom með skipi í Straumsvíkurböfn. Það var jafnframt eitt stærsta fíkniefnamál ársins. Að baki því stóð hópur sem hefur verið talinn umsvifamikill í innflutningi fíkniefna. Blandað metamfetamín, sem inniheldur svokallað PMMA, kom líka við sögu hjá lögreglunni. Efnið er mjög eitruð og hefur valdið dauða víða um heim. Því miður varð það einnig raunin hérlendis, en kona um tvítugt lést af völdum þess í Reykjavík. Sem fyrr bárust lögreglu gagnlegar upplýsingar í fíkniefnasímann 800-5005. Fíkniefnasíminn hefur margoft komið að góðum notum og svo var einnig þetta árið.

Farið var í ótal húsléitir árið 2011 og komu ýmsir munir í leitirnar. Þegar þýfi finnst verður það oft til þess að nokkur innbrot eru upplýst á einu bretti. Innbrotum fækkaði annars verulega á höfuðborgarsvæðinu, en tekist hefur að snúa við óheillaþróun sem varð árið 2009. Nokkuð dró úr innbrotum í fyrra, en árið 2011 fækkaði þeim verulega, eða um þriðjung. Að meðaltali voru framin fjögur innbrot í umdæminu á dag, en þau voru sex árið 2010. Talsvert hefur því áunnist. Bærilega gekk að hafa hendur í hári innbrotspjófa, en misjafnt er hvað verður um þýfið. Sumir hinna fingralöngu eiga vitorðsmenn, en einn slíkur var handtekinn og dæmdur fyrir hylmingarbrot á árinu. Hér á eftir er farið frekar yfir helstu verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir sama tímabil er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu (útgef. 2012)*.



## 20. september

---

### HUNDUR BEIT KONU

Kona var bitin af hundi í Reykjavík í gærkvöld. Hún var á göngu í miðborginni þegar þetta gerðist en hundurinn, sem var tjóðraður við staur á einkalóð, beit hana í höndina svo á sá. Konan hugðist klappa hundinum með fyrrgreindum afleiðingum.

---

*lrh.is*

## Manndráp og líkamsárásir

Þrjú manndrápsmál voru til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Morð vekja alltaf óhug, ekki síst þegar þau eru þrjú á einu og sama árinu. Tímabilið 2007-2010 voru framin samtals fjögur morð í umdæminu og árið 2011 er því óvenjulegt að þessu leyti. Varast ber að horfa á sérstaka þróun í þessum efnum og rétt að hafa hugfast að árið 2011 fækkaði ofbeldisbrotum á höfuðborgarsvæðinu. Manndrápsmálin voru jafnframt mjög ólík, en gerandinn í einu þeirra var úrskurðaður ósakhæfur. Sá er karl á þritugsaldri, en hann var handtekinn við Landspítalann á vormánuðum. Maðurinn ók þangað, gaf sig fram við starfsfólk sjúkrahússins og vísaði á lík barnsmóður sinnar, sem var í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Fólkíð hafði áður verið á ferð í Heiðmörk og er talið að maðurinn hafi ráðið konunni þar bana. Hún var um tvítugt.

Í byrjun júlí var lögreglan kölluð til þegar ung kona frá Litháen leitaði aðhlyningar á Landspítalanum vegna blæðinga og kviðverkja. Læknar töldu fullvíst að konan væri nýbúin að fæða barn, en hún þvertók fyrir að hafa verið ófrísk. Í framhaldinu hófst strax rannsókn málsins, en haldið var á vinnustað konunnar, hótél í miðborginni. Þar fannst sveinbarn í ruslagámi. Barnið var látið, en talið er að það hafi fæðst lifandi og konan síðan komið því fyrir í gámnum. Hálfum mánuði síðar var lögreglan aftur



## 19. apríl

### FALSAÐIR 5.000 KR. SEÐLAR Í UMFERÐ

Undanfarnar vikur hefur nokkuð borið á því að fólguðum 5.000 kr. peningaseðlum hefur verið komið í umferð á höfuðborgarsvæðinu. Í flestum tilvikum hefur ekki uppgötvast að um falsaða seðla sé að ræða fyrr en við uppgjör á sjóðvélum eða við innlegg í banka. Hefur flestum þessara seðla verið komið í umferð á veitingastöðum þar sem auðvelt getur reynst að láta blekkjast þegar mikill erill er. Lögreglan vill beina þeim tilmælum til afgreiðslufólks að vera á varðbergi vegna þessa og hvetur jafnframt til þess að þeir sem eru í afgreiðslustörfum kynni sér helstu öryggisþætti íslenskra peningaseðla á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is), en með þær upplýsingar að leiðarljósi á að vera auðvelt að greina á milli falsaðra og ófalsaðra peningaseðla.

Samkvæmt 151. gr. almennra hegningarlaga þá skal hver sem lætur út peninga, sem hann veit að eru falsaðir, sæta sömu refsingu sem hann hefði sjálfur falsað þá. En refsingin fyrir peningafals er fangelsi allt að 12 árum.


*lrh.is*

á vettvangi í miðborginni í kjölfar mjög alvarlegrar líkamsárásrar. Þar höfðu orðaskipti tveggja manna á veitingahúsi endað með því að annar stakk hinn í hálsinn með hnífi. Sá sem fyrir árásinni varð, karl á fimmtugsaldri, var fluttur á sjúkrahús með lífshættulega áverka. Hann lést svo af sárum sínum áður en mánuðurinn var úti. Árásarmaðurinn, erlendur ríkisborgari um fertugt en búsettur hérlendis til nokkurra ára, kom óvopnaður á veitingahúsið. Hann bjó hins vegar skammt frá og fór þangað til að sækja morðvopnið eftir að til einhverskonar deilna hafði komið.

Þrátt fyrir að færri ofbeldisbrot hafi átti sér stað í umdæminu verður ekki sagt að árið 2011 hafi byrjað vel. Fyrstu helgi ársins voru nokkrar líkamsárásir tilkynntar til lögreglu, en tvær þeirra voru mjög alvarlegar og áverkar fórnarlambanna eftir því. Brotavettvangur í báðum tilvikum var í miðborginni og kom ekki á óvart. Mörg ofbeldisbrot eiga sér stað á þessu svæði enda oft fjölmennt þar um helgar þegar skemmtana- og næturlífið stendur sem hæst. Það er nefnilega misjafn sauður í mörgu fé eins og dæmin sanna. Tveir hrottar voru þar á meðal, en annar þeirra, hálfþrítugur karl, sparkaði í höfuð manns með þeim afleiðingum að sá höfuðkúpbrotnaði. Fórnarlambið er nokkrum árum eldri en árásarmaðurinn, sem hefur áður gerst sekur um alvarlega líkamsárás. Hinn hrottinn, líka karl á þrítugsaldri, sló mann á fertugsaldri í höfuðið. Sá sem fyrir högginu varð var í lífshættu um tíma.

Eins og við má búast eru það einkum karlar sem koma við sögu í líkamsárásarmálum, bæði sem gerendur og þolendur. Snemma árs var hins vegar kona á þrítugsaldri handtekin eftir að tilkynning barst um fólskulega líkamsárás í Kópavogi. Hún var síðan úrskurðuð í gæsluvarðhald, líkt og karl á svipuðum aldri en þau gengu í skrokk á manni á fimmtugsaldri.

Ofbeldisbrotið í Kópavogi var eitt af rúmlega 600 líkamsrásarmálum sem komu á borð lögreglunnar. Um hundrað þeirra teljast alvarleg (218. gr. alm. hegningarlaga) og er það á móta og undanfarin ár. Minni háttar líkamsrásir hafa hins vegar ekki verið færri á starfstíma embættisins en árið 2011. Fækkun ofbeldisbrota er jákvæð þróun, en óskandi að það geti líka átt við um alvarlegar líkamsrásir. Þær voru sumar mjög grófar, t.d. þar sem aðilar tengdir Hells Angels og Outlaws áttu hlut að máli. Töluverð afskipti voru höfð af meðlimum þessara hópa en á árinu beindi lögreglan sjónum sínum sérstaklega að brotastarfsemi tengdri vélhjólagergjum.



## 2. september

### MANNLÍFIÐ Í BORGinni

Mannlífið í borginni er fjölbreytt, rétt eins og verkefni lögreglu. Í gærmorgun var hún kölluð til þegar drukknur karl á fertugsaldri hugðist taka sér far með strætó. Slíkt er ekki alltaf lögreglumál en í þessu tilviki framvísaði maðurinn farmiða sem var ætlaður börnum. Hann neitaði þráfallega að greiða gjald í samræmi við aldur og hélt áfram að láta barnalega. Svo fór að honum var vísað út úr strætisvagninum. Í hádeginu óskaði opinber stofnun eftir lögregluaðstoð vegna viðskotails viðskiptavinar. Sá var óánægður með þjónustuna og skeytti skapi sínu á rúðu í húsinu. Maðurinn róaðist þegar lögreglan kom á vettvang og baðst afsökunar á framkomu sinni. Um svipað leyti kom ölvaður karl á fimmtugsaldri á lögreglustöðina við Hverfisgötu en viðkomandi rataði ekki heim til sín. Með góðra manna hjálp tókst að finna heimilisfang mannsins sem komst loksins heim til sín. Og í gærkvöld varð annar karl á fimmtugsaldri á vegi lögreglunnar. Sá átti líka erfitt með að rata heim og ekki var ölvunarástand hans til að bæta úr skák. Maðurinn hafði jafnframt verið til vandræða og valdið ónæði með að því hringja á dyrabjöllur í tíma og ótíma. Maðurinn var mjög ógnandi í garð lögreglumanna og fór svo að hann var færður í fangageymslu en við frekari eftirgrennslan kom ennfremur í ljós að hann var eftirlýstur vegna annarra mála.

*lrh.is*

Forsprakki Outlaws, stundum líka kenndur við Black Pistons, kom við sögu í hrottalegu máli fyrrihluta maímánaðar. Þá varð karl á þrítugsaldri fyrir líkamsárás, en honum var haldið nauðugum í meira en hálfan sólarhring. Einnig var talið að barsmíðarnar hafi jafnvel farið fram á fleiri en einum stað. Með forsprakkanum var annar maður, sem tilheyrir sama félagsskap, en báðir tóku þeir þátt í árásinni. Mennirnir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu og verið dæmdir fyrir brot sín. Hells Angels tengdist síðan líkamsárás í Hafnarfirði í árslok. Nokkrir meðlimir samtakanna voru handteknir í þágu rannsóknarinnar, en í þeim hópi var svokallaður forseti Hells Angels á Íslandi. Fórnarlambið var ung kona, en hún var m.a. beitt kynferðisofbeldi. Þess má geta að Hells Angels eru skilgreindir sem alþjóðleg glæpasamtök.

Skotárásir eru fátíðar á Íslandi, en þriðja árið í röð rannsakaði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu samt mál af slíku tagi. Eitt föstudagskvöldið seint á árinu var tilkynnt um að skotum hefði verið hleypt af í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Sem betur fer sakaði engan, en skemmdir urðu á bifreið. Unnið var sleitulaust að rannsókn málsins og voru nokkrir úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Árásin var rakin til fíkniefnaviðskipta og uppgjör skulda. Lagt var hald á nokkrar byssur og tugi hnífa í tengslum við málið. Þegar vopn eru annars vegar er hætta á ferðum. Þá kallar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sérsveit ríkislögreglustjóra sér til aðstoðar. Starf lögreglunnar er því ekki hættulaust og því til marks voru skráð í kringum 55 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum hjá embættinu árið 2011. Það skal tekið fram að brotin voru af ýmsu tagi og áttu sér stað við misjafnar aðstæður.



## 23. febrúar

### ÚTSMOGINN

#### TÖLVULEIKJAPJÓFUR

Karl á þrítugsaldri var handtekinn í verslun á höfuðborgarsvæðinu síðdegis í gær en þar hafði maðurinn stolið allnokkrum tölvuleikjum. Tölvuleikjunum hafði þjófurinn stungið í tösku sem hann hafði meðferðis en taskan var sérstaklega útbúin þannig að ekki væri hægt að nema þjófavörn þegar farið væri framhjá skynjara í öryggishliði, líkt og nú er í flestum verslunum. Ekki virkaði þetta sem skyldi hjá þjófinum og hann var handtekinn eins og fyrr segir.

*lrh.is*



## Rán og fjársvik

Rán í úraverslun í miðborginni um miðjan október var það mál sem vakti einna mesta athygli á árinu 2011. Ránið var þaulskipulagt, en að því stóð erlendur glæpahópur sem kom hingað gagngert í þessum erindum. Um var að ræða fjóra Pólverja, en þrír þeirra fóru grímuklæddir í verslunina, brutu þar hirslur og stálu tugum verðmætra úra. Ræningjarnir voru vopnaðir byssum, sem síðar kom á daginn að voru eftirlíkingar. Þeir notuðu stolna bíla til að komast að og frá vettvangi, en mennirnir flugu frá Íslandi daginn eftir verknaðinn. Vitorðsmaðurinn, eða fjórði maðurinn, varð hins vegar eftir, en hlutverk hans virðist hafa verið að koma þýfinu úr landi. Það tókst ekki því lögreglan endurheimti úrin nokkrum dögum eftir ránið og handtók jafnframt vitorðsmanninn. Maðurinn hafði bíl til umráða og geymdi þar þýfið, en talið var að hann hefði ætlað að fara með Norrænu til meginlandsins. Í framhaldinu voru glæpafélagar mannsins eftirlýstir og um síðir tókst að hafa hendur í hári þeirra. Ræningjarnir höfðu dvalið á Íslandi í eina viku áður en þeir létu til skarar skríða. Rannsókn málsins var mjög umfangsmikil, en við hana naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar bæði embættis ríkislögreglustjóra og tollgæslunnar.

## 3. maí

### AÐ LEITA AF SÉR ALLAN GRUN

Lögreglan var kölluð að húsi á höfuðborgarsvæðinu í gærkvöld eftir að tilkynning barst um innbrot. Á vettvangi voru engin sjáanleg merki um innbrot en tilkynnandi, sem jafnframt var húsráðandi, var þó viss í sinni sök þegar hann tilkynnti um glæpin. Málavextir voru þeir að einhver hafði stolið svokölluðum flakkara úr íbúðinni. Tækið var hinsvegar fundið þegar lögreglan kom á staðinn og reyndist ekki hafa verið stolið því það fannst í stofusófanum á heimilinu. Húsráðandi, sem var í miður góðu ástandi, hafði gleymt að leita af sér allan grun áður en hann óskaði eftir lögregluaðstoð. Við svo búið var farið af vettvangi en það skal samt áréttað að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna en einu sinni of sjaldan.

*lrh.is*



Rán í umdæminu voru annars nálægt 40, en þau áttu flest lítið skylt við ránið í úraversluninni. Ræningjarnir voru þá iðulega ungt fólk í leit að peningum til að fjármagna næsta skammt af fíkniefnum, eða til að borga fíkniefnaskuldir. Þetta ógæfufólk reyndi gjarnan fyrir sér í söluturnum og á skyndibitastöðum. Árangurinn var harla lítill og engu breytti þótt ræningjarnir reyndu líka fyrir sér í verslunum og bönkum. Aðferðafræðin var yfirleitt sú sama, en ræningjarnir huldu oftast andlit sitt og ógnuðu síðan starfsfólki með hnífum eða einhverjum bareflum. Ágætlega gekk að upplýsa málin, en sumir þrjátanna komu við sögu oftar en einu sinni. Í þeim hópi voru karl og kona, sem fóru mikinn í október og rændu veskjum af nokkrum fullorðnum konum. Elsta fórnarlambið var á níraðisaldri og var því eðlilega illa brugðið. Til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot tvíeykisins fór lögreglan fram á að maðurinn yrði úrskurðaður í síbrotagæslu og á það var fallist.

Sem fyrr voru mörg fjársvikamál til rannsóknar hjá embættinu árið 2011. Svik með greiðslukort eru alþekkt og margir Íslendingar hafa orðið fyrir barðinu á óprúttum aðilum, sem komast yfir upplýsingar af kortunum þeirra. Starfsemin teygir anga sína víða um heim, en þrjátarnir geta notað upplýsingarnar á fölsuð greiðslukort og gera það óhikað. Fölsuðum greiðslukortum er síðan gjarnan framvísað við kaup á ýmiskonar vöru og ekki verra ef þær eru heppilegar til endursölu. Minna er hins vegar um að fölsuð greiðslukort séu notuð í viðskiptum hér á landi. Skömmu fyrir jól reyndu þó tveir herra menn frá Malasíu að kaupa Rolex-úr í verslun í miðborginni, hinni sömu og fékk pólsku ræningjana í heimsókn í október. Mönnunum tókst að gjaldfæra tvö greiðslukort vegna kaupa á tveimur úrum, sem kostuðu á þriðju milljón. Kaupmaðurinn var samt fullur efasemda og kallaði til lögreglu. Kom þá í ljós að mennirnir höfðu í fórum sínum 50 greiðslukort, sem öll reyndust fölsuð. Um var að ræða mjög vandaðar falsanir og ekki á færri leikmanna að átta sig á þeim. Við yfirheyrslur voru mennirnir

## 14. september

### FÉKK TRÉ Í HÖFUÐIÐ

Karl á fimmtugsaldri var fluttur á slysadeild eftir að á hann féll tré í Reykjavík eftir hádegi í gær. Óhappið varð þegar verið var að saga niður nokkur tré í Vogahverfinu en maðurinn fékk tréð í höfuðið. Hann vaknaðist illlillega en ekki er vitað frekar um meiðsli hans.

*lrh.is*

sakleysið uppmálað og sögðust hafa verið sendir hingað af okurlánara í Malasíu, en honum áttu þeir víst skuld að gjalda. Svikararnir báru því einnig við að hafa ekki vitað að greiðslukortin væru fölsuð. Dómstólar lögðu ekki trúnað á grandaleysi mannanna og dæmdu þá í nokkurra mánaða fangelsi.

Fjársvik með greiðslukort verða seint talin óvenjuleg, en það átti hins vegar við um mál sem kom til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í ársbyrjun. Kærandi var Tryggingastofnun ríkisins, en málið snerist um ellilífeyri og uppbót vegna kostnaðar við umönnun konu, sem lést um aldamótin. Greiðslur vegna þessa voru inntar samviskulega af hendi í tíu ár eftir að konan féll frá. Rannsóknin leiddi í ljós að gefið var út dánarvottorð vegna andláts konunnar í Bandaríkjunum árið 2000. Samkvæmt opinberum gögnum hér á landi var hún sögð enn á lífi og búsett á Íslandi. Tveir voru grunaðir um refsiverða háttsemi í málinu, en báðir eru þeir tengdir hinni látnu.





## 27. apríl

---

### BORGARALEG HANDTAKA

Innbrotspjófur var handtekinn í Grafarvogi um miðjan dag í gær. Sá hafði brotið bílrúðu og hugðist stela verðmætum úr ökutækinu. Ökumaðurinn var hinsvegar skammt undan, sá þjófinn og handsamaði hann hið snarasta. Þjófurinn var enn í haldi hjá ökumanninum þegar lögreglan kom á vettvang og var hinn lúpulegasti.

---

*lrh.is*

## Innbrot og þjófnaðir

Innbrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði verulega á árinu 2011 og hafa ekki verið færri á starfstíma embættisins. Að jafnaði voru framin fjögur innbrot í umdæminu á hverjum degi, en til samanburðar voru þau sex árið á undan. Séu talin öll þjófnaðarbrot í umdæminu voru þau innan við 5.000 og hefur þeim fækkað á undanföllum árum. Árangurinn er ekki bara lögreglunni að þakka heldur er þetta samstarfsverkefni allra. Ábendingar íbúa um grunsamlegar mannaferðir koma lögreglunni oft á sporið og svo var einnig þetta árið. Þannig getur líka rannsókn á einu máli orðið til þess að mörg önnur innbrot eru upplýst. Mikilvægi þessa verður seint ofmetið, en enn fremur má segja að aftur hafi orðið nokkur vakning hvað nágrennavörslu varðar. Lögreglan hélt jafnframt áfram að hvetja fólk til að skrifa hjá sér ef það tók eftir einhverju óvenjulegu í sínu nánasta umhverfi og koma því á framfæri. Fækkun þjófnaðarbrota er því sameiginlegt verkefni þar sem hægt er að ná góðum árangri ef allir leggjast á eitt.

Aðferðir þjófanna voru þær sömu og áður. Innbrot í heimahús áttu sér gjarnan stað að degi til þegar húsráðendur voru í vinnu eða skóla. Fyrirtæki og stofnanir urðu fyrir barðinu á hinum fingralöngu utan hefðbundins opnunartíma, en brotist var inn í ökutæki á öllum tímum sólarhringsins. Nokkrir afkastamiklir innbrotspjófar voru handteknir á árinu og í febrúar var einn vitorðsmanna þeirra hnepptur í gæsluvarðhald. Hjá honum fannst mikið magn af þýfi, en um var að ræða stolna muni úr fjölmörgum innbrotum á höfuðborgarsvæðinu. Vitorðsmaðurinn, karl á þritugsaldri, var dæmdur í fimm tán mánaða fangelsi fyrir hylmingarbrot. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brotastarfsemi mannsins var umfangsmikil og skipulögð og átti sér stað um margra mánaða tímabil.

## 21. september

### ÞJÓFAR Á FERÐ

Unglingspiltur stal tölvu úr verslun í miðborginni síðdegis í gær. Sprettharður starfsmaður búðarinnar hjópaði á eftir honum og náði að endurheimta tölvuna, sem reyndist óskemmd. Þess má geta að hinn fótfrái starfsmaður er kominn á miðjan aldur en er greinilega í góðu formi. Um svipað leyti var hjólsög stolið utan við hús í Kópavogi en hún fannst síðan eftir nokkra leit. Þjófarnir höfðu þá borið vélsögina yfir í Breiðholt en skildu hana eftir þegar þeir sáu lögregluna nálgast. Tækinu var skilað aftur í réttar hendur. Um kvöldmatarleytið var karl um fimmtugt handtekinn í miðborginni en sá var að reyna að komast inn í bíla. Maðurinn var fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangageymslu. Og í gærkvöld var brotist inn í bíl í Heiðmörk og úr honum stolið bæði fartölvu og myndavél.

*lrh.is*

Lögreglan framkvæmdi ótal húsleitir á árinu og kom þá stundum ýmislegt í leitirnar. Við eina húsleit fundust t.d. 250 kg af unnum hákarli, en góðgætinu hafði reyndar verið stolið í öðru umdæmi.

Innbrotspjófar lögðu líka leið sína í verslanir, en úr þeim var svo sem stolið jafnt að degi sem nóttu. Svokölluð hnupmál komu daglega á borð lögreglu og eru töluvert vandamál. Börn og unglingar stela gjarnan sælgæti, en líka snyrtivörum og fatnaði. Stórtækustu búðarþjófarnir voru samt fullorðin fólk. Í þeim hópi voru mæðgur, sem fóru ránsendi um verslanir og notuðu sérútbúinn poka til að koma þýfinu undan. Pokinn var fódraður með álpappír í þeim tilgangi að hindra að öryggiskerfi næmi stolnar vörur þegar konurnar yfirgáfu verslanir. Þær höfðu áður komið við sögu hjá lögreglu, en við rannsókn málsins fannst ógrynni af varningi. Önnur kona fór líka mikinn á árinu og stal miklu af fatnaði, m.a. undirfötum en einnig brjóstahöldurum. Ólíklegt þótti að það væri allt til eigin nota. Nokkrir ungir menn gengu líka skipulega til verks á seinni hluta ársins. Þeir brutust inn í sömu verslunina í þrjúgang og stálu tölvum og tölvubúnaði. Megnið af þýfinu tókst að endurheimta og koma aftur í réttar hendur. Margir fleiri þjófar komu við sögu hjá lögreglu á árinu, en alltof langt mál væri að nefna þá alla til sögunnar. Þeir voru bæði innlendir og erlendir, en sumir þeirra síðamefndu voru vart lentir hér þegar þeir fóru að taka hluti ófrjálsri hendi.

Fatnaður og snyrtivörur eru kannski ekki beinlínis hættulegur varningur, en það átti hins vegar við um sprengiefni, sem var stolið út tveimur rammgerðum gámum í Pormóðsdal, ofan við Hafvatn, snemma í október. Sprengiefnið samanstóð af um 300 kg af dýnamíti, auk nokkurs magns af kjarna, hvellhettum og sprengihnalli. Varsla þýfisins var stórhættuleg, en ekki var vitað í hvaða tilgangi því var stolið. Lögreglan framkvæmdi nokkrar húsleitir í þágu rannsóknarinnar og fann fljótlega sprengiefnið á höfuðborgarsvæðinu. Karl um þritugt var handtekinn í tengslum við málið, en sá á langan afbrotaferil að baki. Allt sprengiefnið var endurheimt og því síðan komið fyrir á öruggum stað.



## 8. apríl

### GRUNSAMLEGIR MENN

Undanfarið hafa lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu borist allnokkrar tilkynningar þess efnis að reynt sé að lokka börn upp í bíla. Í flestum tilfellum eiga þessi atvik sér stað í nágrenni grunnskóla. Unnið hefur verið úr öllum vísbendingum enda málin litin mjög alvarlegum augum.

Í gær barst tilkynning um atvik af þessu tagi í Grafarholti. Það reyndist eiga sér eðlilegar skýringar og svo hefur verið raunin í fleiri tilvikum sem lögreglan hefur kannað. Sem fyrr er þó mikilvægt að tilkynna um óviðeigandi háttsemi til lögreglu. Það má gera með því að senda tölvupóst á netfangið [abending@lrh.is](mailto:abending@lrh.is) eða hringja í síma 444-1000.

*lrh.is*

## Kynferðisbrot og heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er því miður nokkuð algengt á höfuðborgarsvæðinu, en daglega sinnir lögreglan útköllum af því tagi. Árið 2011 bárust um 850 tilkynningar um ofbeldi og ófrið og því virðast margir eiga erfitt með að lifa saman í sátt og samlyndi. Einhvers konar ofbeldi var beitt í um fjórðungi tilvika, en ósættið mátti oft rekja til sambúðarslita. Áfengi og fíkniefni komu líka gjarnan við sögu og hreint með ólíkindum hverju fólk gat tekið upp á. Ef það var ekki að skaða hvert annað líkamlega fengu dauðir hlutir sómuleiðis iðulega að kenna á því. Eignaspjöll voru því fylgifyrirlausar margra málanna, sem og grófar hótanir oft á tíðum. Börn voru stundum á heimilum við áðurnefndar aðstæður og er fátt dapurlegra en að upplifa slíkt.

Sem betur fer voru engin börn á vettvangi þegar lögreglan var kölluð að fjölbýlishúsi í Kópavogi á seinni hluta ársins. Þar hafði slest upp á vinskapið hjá sambýlisfólki, konu á sextugsaldri og karli á sjötugsaldri. Atburðarásin var eitthvað málum blandin, en hún leiddi til þess að konan stakk manninn nokkrum sinnum með hnífi. Honum var komið í snarhasti undir læknishendur og þurfti að dvelja á spítala í nokkurn tíma eftir árásina. Konan, sem var í annarlegu ástandi, var handtekin í íbúðinni, en þar mátti sjá ummerki um óreglu. Hún sat í gæsluvarðhaldi um tíma í þágu rannsóknarinnar, en konan hafði áður komið við sögu hjá lögreglu.

Fjöldi kynferðisbrota var til rannsóknar hjá lögreglu árið 2011. Þar má nefna um 80 nauðganir (194. gr. alm. hegningarlaga) og 60 kynferðisbrot gegn börnum. Þetta eru nokkru fleiri mál en árið á undan. Brotunum verður varla lýst öðruvísi en sem viðurstyggingum. Rannsóknir þeirra eru erfiðar og reyna mjög á brotapolu, eins og gefur að skilja. Stundum voru gerendur fleiri en einn, líkt og þegar konu var þröngvað með ofbeldi til kynferðismaka í bifreið í Reykjavík í október. Hún var á gangi í miðborginni þegar tveir karlar um þrítugt urðu á vegi hennar.

## 17. ágúst

### FÓR HÚSAVILLT

Konu um sextugt brá illilega í brún þegar hún fór á fætur á heimili sínu í borginni í gærmorgun. Á sófa í stofunni hennar svaf ókunnugur karlmaður og hringdi konan strax eftir aðstoð lögreglu. Hinn óboðni gestur, sem var ölvaður, var vakinn og hélt hann sína leið eftir að hafa náð áttum. Engar skemmdir voru sjáanlegar í íbúðinni eftir næturgestinn en hann virðist einfaldlega hafa farið húsavillt þessa nótt.

*lrh.is*

Svo virðist sem konan hafi þegið að fá að sitja í bil mannanna og staðið í þeirri trú að þeir ætluðu að skutla henni þangað sem fór hennar var heitið. Af því varð því miður ekki heldur óku mennirnir á annan stað, meira afsíðis, og brutu þar gegn konunni. Eftir að hafa komið fram vilja sínum óku þeir henni að húsi annars staðar í borginni og skildu konuna þar eftir. Sjálfir voru mennirnir handteknir í öðru sveitarfélagi í umdæminu skömmu eftir verknaðinn. Konan og mennirnir voru ókunnug, en svo er ekki alltaf í málum af þessu tagi.

Nótt eina í apríl voru kona og tveir karlar stödd í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu. Kunningsskapur var með fólkinu, sem er á svipuðum aldri. Í fyrstu munu þau hafa setið að spjalli, en síðan tóku við kynlífsathafnir með þátttöku þeirra allra. Konan leitaði á neyðarmóttöku sama dag og tilkynnti að sér hefði verið nauðgað. Í kjölfarið voru mennirnir handteknir og voru þeir báðir grunaðir um ódæðið. Við yfirheyrslur kom fram að yngri maðurinn hafði neytt hin tvö til þátttöku, en báðir mennirnir höfðu kynferðismök við konuna. Eldri maðurinn og konan voru þessu mótfallin, en létu undan ógnandi framkomu yngri mannsins. Var það talið svo að þeim síðastnefnda hefði mátt vera ljóst að hin tvö tóku ekki þátt í kynlífinu af fúsum og frjálsum vilja og því var enn fremur um ásetningsverk að ræða.





## 4. október

### FÆDING Á MIKLUBRAUT

Pótt lögreglumenn verði oft vitni að því versta í lífinu koma líka ánægjulegar stundir og þá fara þeir svo sannarlega glaðir heim af vaktinni. Svo var einmitt með tvo lögreglumenn sem voru kallaðir til aðstoðar í úthverfi á höfuðborgarsvæðinu, laust eftir miðnætti. Þar voru hjón akandi á leiðinni á fæðingardeildina en þau óttuðust að ná ekki þangað í tæka tíð en konan var barnshafandi. Lögreglumennirnir komu þeim til aðstoðar og örskömmu síðar kom sjúkrabíll á vettvang. Ófríska konan og maðurinn hennar fóru yfir í sjúkrabíllinn og síðan var haldið áleiðis á fæðingardeildina en annar lögreglumannanna ók bíl hjónanna á eftir þeim. Lögreglubíllinn var líka í bílalestinni og einnig annar sjúkrabíll, sem var kallaður á staðinn til vonar og vara. Hersingin komst þó ekki alla leið því að á Miklubraut, á mótis við Skeiðarvogsbúna, kom barnið í heiminn. Þar var því stoppað í stutta stund áður en haldið var á Landspítalann.

Þegar fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafði samband við pabbann í dag og færði honum hamingjuóskir frá embættinu var hann auðvitað í skjýnum, rétt eins og hinir í fjölskyldunni en þetta er þriðja barn þeirra hjóna. Fyrir eiga þau strák og stelpu, 3 ára og 1 árs. Nýjasti fjölskyldumeðlimurinn er stelpa en hún var 3.505 grömm og 50 sentimetrar við fæðingu.

## Umferðareftirlit

Sýnileiki lögreglunnar var áfram lykilatriði í umferðarlöggæslu á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Sem fyrr var lögð áhersla á að fylgjast sérstaklega með umferð á fjölförnum gatnamótum og stofnbrautum á álagastímum. Megintilgangurinn var að fækka umferðarslysum og því lagði embættið höfuðáherslu á sýnileika á stöðum þar sem óhöpp og slys hafa verið tíð. Eftirliti við og í íbúðagötum í umdæminu var einnig framhaldið, sem og við grunn- og leikskóla. Oft var viðvera lögreglunnar tilkomin vegna ábendinga frá íbúum um hraðakstur. Í íbúðahverfum er einkum notast við sérstakan myndavélabíl lögreglunnar þegar hraðamælingar eru annars vegar. Seinni hluta ársins bar svo við að ekki var hægt að nýta myndavélabíllinn eins og efni stóðu til. Tæknilegum málum var um að kenna og það hafði óneitanlega áhrif þegar heildarfjöldi hraðakstursbrota ársins er annars vegar.

Fækkun umferðarslysa er langtímaverkefni, en hvergi má slaka á í þeirri baráttu. Að jafnaði varð um eitt slys í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu alla daga ársins. Hér er átt við atvik þar sem vegfarendur þurftu að leita lækniástoðar í kjölfar umferðaróhapps. Meiðsli þeirra voru m.a. tognanir, beinbrot, innvortis meiðsl, mænuskaðar og höfuðáverkar. Eitt alvarlegasta slysið, ef banaslys eru undanskilin, varð í Kópavogi í október. Þar var gámaflutningabifreið ekið á reiðhjólmann, en á fyrirhugaðri akstursleið bifreiðarinnar var innakstursbann. Reiðhjólamaðurinn slasaðist mjög alvarlega, en maðurinn, sem er rúmlega fimmtugur, missti annan fótinn.

Henni og móðurinni heilsast vel. Þabbinn það fyrir kveðju og þakklæti til allra sem aðstoðuðu þau og grínaðist síðan með að þetta gerðist sem betur fer á Miklubrautinni að nóttu til en ekki í morgunumferðinni! Sjálfsagt líður þessi dagur hjónunum seint úr minni og það sama má segja um lögreglumennina á vettvangi. Annar þeirra sagði að það hefði verið frábært að vera til staðar og aðstoða fólkið og að þetta hefði verið langskemmtilegasta útkallið á vaktinni!

*lrh.is*

Ljóst er því að margir eiga um sárt að binda vegna umferðarslysa, en gera má ráð fyrir að slasaðir séu nokkru fleiri en fjöldi slysa segir til um. Þrátt fyrir nokkurn árangur, þegar fækkun umferðarslysa er annars vegar, er það mat lögreglu að hægt sé að gera mun betur. Til að svo megi verða þurfa allir að leggjast á eitt um að aka gætilega og sýna tillitssemi í hvívetna. Á það skortir hins vegar í alltof mörgum tilfellum.

Þrátt fyrir slysin gekk umferðin að mestu snurðulaust á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Sem betur fer voru áverkarnir í þeim líka oftast en ekki minni háttar, svo því sé nú haldið til haga. Langflestir ökumenn eru almennt til fyrirmyndar og af þeim þarf ekki að hafa nein afskipti. Því er samt ekki að neita að allmarga ökufanta er að finna á götum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru þeir sem virðast telja sig hafna yfir umferðarlög. Hinir sömu aka t.d. drukknir eða undir áhrifum fíkniefna og skeyta engu um afleiðingarnar. Þeir hafa jafnvel þegar verið sviptir ökuleyfi, en halda samt áfram að brjóta af sér í umferðinni.



## 10. ágúst

### HANDTEKINN EFTIR HRAÐAKSTUR

Karl á þrítugsaldri var handtekinn eftir að hafa verið staðinn að hraðakstri á Vesturlandsvegi í Reykjavík síðdegis í gær. Þrátt fyrir að hafa ekið of hratt var samt ekki um ofsakstur að ræða enda var tilefni handtökunnar annað. Maðurinn gaf upp nafn sem lögreglan dró í efa og því var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Þar kom á daginn að ökumaðurinn hafði logið og var ekki sá sem hann sagðist vera. Svo fór að lokum að lygamörðurinn sagði loksins satt og rétt frá og var honum þá sleppt eftir að lögreglan hafði sannreynt það.

*lrh.is*

## Banaslys og hraðakstursbrot

Þrátt fyrir að slys hafi átt sér stað í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu á nánast hverjum degi árið 2011 fækkaði umferðarslysum í umdæminu engu að síður á milli ára. Lítil breyting hefur hins vegar orðið á fjölda banaslysa. Þau hafa ýmist verið tvö eða þrjú á hverju ári frá því að embættið var stofnað 1. janúar 2007. Í fyrra lést reyndar einn í umferðinni og gaf það fyrirheit um þróun til betri vegar. Af því varð því miður ekki árið 2011, en þá dóu tveir eftir slys í umferðinni. Það fyrra varð í Breiðholti í apríl þegar karl á níræðisaldri varð fyrir strætisvagni, en maðurinn var fótgangandi. Hann var fluttur á sjúkrahús og lést þar nokkrum vikum síðar. Seinna banaslysið varð í miðborginni þegar fólksbifreið var ekið ógætilega eftir Geirsgötu. Ökumaðurinn, 17 ára piltur, missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann hafnaði á húsvegg. Þrjár voru fluttir á slysadeild en einn þeirra, 17 ára piltur sem var farþegi í aftursæti bílsins, lést tveimur dögum síðar. Slysið var rakið til hraðaksturs.



## 27. apríl

### Á OFSAHRAÐA Í ÁRTÚNSBREKKU

Sautján ára piltur var staðinn að hraðakstri í Ártúnsbrekku í gærkvöld en bíll hans mældist þar á 157 km hraða. Kauði á nú yfir höfði sér háa sekt og ökuleyfissviptingu og fær því ágætan tíma til að hugsa ráð sitt. Ekki virðist vera vanþörf á því þrátt fyrir ungan aldur hefur pilturinn áður verið tekinn fyrir hraðakstur.

*lrh.is*

Rúmlega 800 ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæminu árið 2011. Það er svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár, en 2007 og 2008 voru þeir hins vegar á annað þúsund. Sem fyrr stöðvaði lögreglan marga ökumenn sem voru undir áhrifum fíkniefna. Þeir voru um 600 þetta árið, eða liðlega fimmtungi fleiri en 2010. Afskipti af réttindalausum ökuþórum er líka daglegt brauð. Hátt í 700 slíkir voru teknir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu, en hinir sömu höfðu allir þegar verið sviptir ökuleyfi. Ótrúlega margir láta líka hjá líða að taka bílpróf en aka engu að síður. Nálægt 250 ökumenn voru stöðvaðir af þeim sökum árið 2011, sem er þó með minnsta móti í samanburði við fyrri ár. Af öðrum umferðarlagabrotum má nefna að í kringum 600 ökumenn töluðu í síma án handfrjálss búnaðar á meðan akstri stóð. Ámóta margir voru enn fremur staðnir að því að aka gegn rauðu ljósi

Umferðarmálin voru fyrirferðarmikil hjá lögreglu, eins og þegar hefur komið fram. Eitt af verkefnum hennar á því sviði er að fjarlægja skráningarnúmer af ótryggðum og óskoðuðum ökutækjum, en af þeim er meira en nóg á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2011 voru fjarlægð 2.000 skráningarnúmer af ökutækjum vegna þessa, en lögreglan er stöðugt að hvetja eigendur og umráðamenn ökutækja til að taka sig á þessum efnunum. Hingað til hafa undirtektirnar verið heldur dræmar. Stöðubrot eiga sér líka reglulega stað í umdæminu, en með því er átt við bíla sem lagt er ólöglega. Hátt í 6.000 ökumenn voru sektaðir fyrir stöðubrot, en í langflestum tilvikum var leti þeirra sjálfra um að kenna. Enn fleiri komu svo við sögu þegar hraðakstursbrotin voru annars vegar. Árið 2011 voru skráð hátt í 13.000 hraðakstursbrot á höfuðborgarsvæðinu. Nokkuð stór hluti þeirra var myndaður í Hvalfjarðargöngunum. Þar er mikil umferð og jafnframt öflugt myndavélaeftirlit. Brotahlutfallið var því ekki endilega hátt.

## Ábyrgðarleysi ökumanna

Óhæfir ökumenn verða á vegi lögreglunnar árið um kring. Þeir sem aka drukknir og undir áhrifum fíkniefna tilheyra vitaskuld þessum hópi. Sumir þeirra eru teknir ítrekað og stundum jafnvel tvisvar sama daginn. Dæmi eru líka um foreldra sem aka drukknir eða undir áhrifum fíkniefna með börn sín í bílnum. Þetta eru hin dapurlegustu mál, en þau áttu sér stað næstum mánaðarlega. Þá voru konur jafnt sem karlar við stýrið og oftast en ekki höfðu hinir sömu þegar verið sviptir ökuleyfi. Í öllum tilvikum eru gerðar viðeigandi ráðstafanir í þágu barnanna og barnaverndaryfirvöldum tilkynnt um málin. Lögreglan grípur líka inn í þegar um lyfjaakstur er að ræða, en afleiðingar þess geta sömuleiðis verið skelfilegar. Stundum er svo Elli kerlingu um að kenna þegar aksturslagið verður undarlegt, en rígfyllorðnir ökumenn hafa ekki sömu viðbrögð og þeir yngri og það getur skapað hættu. Þá er gjarnan kallaður til læknir sem metur ástand ökumanns og hvort óhætt sé að láta hann halda för sinni áfram.

Afskipti lögreglunnar af fólki í umferðinni falla ekki alltaf í góðan jarðveg. Kona á fertugsaldri var handtekin í Kópavogi í september, en sú var ekki sátt við laganna verði. Konan var staðin að verki þar sem hún ók bíl án þess að nota bilbelti og var jafnframt að tala í síma án þess að notast við handfrjálisan búnað. Handtakan var þó ekki tilkomin af þeim ástæðum heldur því að konan var mjög þvermóðskufull og sýndi engan vilja til að klára málið á vettvangi. Konan var því færð á lögreglustöð, en síðan sleppt þegar fyrir lá hver hún var.

Önnur kona, um fimmtugt, lét öllum illum látum þegar hún var stöðvuð á reiðhjólí í miðborginni í ágúst. Sú hreytti út úr sér fúkyrðum og hrækti á lögreglumenn þegar henni var gert að blása í áfengismæli. Niðurstaðan staðfesti grunsemdir lögreglu um að konan væri drukkin og því ekki í ástandi til að vera á reiðhjólí. Konan var flutt á lögreglustöð, en sleppt úr haldi þegar sýnt þótti að hún færi sér ekki að voða.

## 23. desember

### ÓHÆFUR ÖKUMAÐUR MEÐ BARN Í BÍLNUM

Karl á þrítugsaldri var stöðvaður við akstur á höfuðborgarsvæðinu í gærkvöld. Hann var undir áhrifum fíkniefna. Með í för var barnið hans en gerðar voru viðeigandi ráðstafanir í þágu þess og barnaverndaryfirvöld upplýst um málið. Faðirinn, sem hafði þegar verið sviptur ökuleyfi, var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

*lrh.is*

Það kann að hjóma undarlega en börn og unglingar eru annað slagið staðnir að umferðarlagabrotum. Á hverju ári virðist sem allnokkrir á þessu aldrarskeiði eigi erfitt með að bíða eftir bílprófinu og það breytist kannski seint. Sextán ára unglingar hafa oftsinnis verið teknir við akstur bifreiða og stundum eru unglingarnir enn yngri, og réttara að kalla þá börn. Í febrúar var 12 ára barn stöðvað við akstur bifreiðar í sérkennilegu máli því í farpegasæti var einstaklingur á miðjum aldri. Sá var allsgáður og gat jafnframt framvísað fullgildu ökuskírteini. Farpeganum var gert að taka við akstrinum, en hjá honum var fátt um svör þegar eftir því var leitað. Ábendingar og kvartanir vegna barna og unglunga í tengslum við umferðarmál voru annars allmargar sumarið 2011. Þar breytti miklu að svokallaðar rafmagnsvespur fóru að sjást í auknum mæli á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim voru oft börn og unglingar og aksturinn ekki alltaf til fyrirmyndar.





## 29. desember

---

### KALDIR OG HRAKTIR Í SNJÓNUM

Það voru ekki bara ökumenn sem lentu í vandræðum í nótt þegar snjónum kyngdi niður á höfuðborgarsvæðinu. Gangandi vegfarendur áttu líka erfitt með að komast leiðar sinnar en tveir menn lentu í talsverðum hrakningum í nótt. Annar þeirra fannst í snjóskafi í einu af úthverfum borgarinnar. Sá var í mjög annarlegu ástandi og fékk að hvíla sig í fangageymslu lögreglunnar þar til hann var orðinn ferðafær. Hinn var líka illa á sig kominn og átti erfitt með að standa í fæturna sökum ölvunar. Viðkomandi, sem var jafnframt ekki klæddur til útiveru, var ósáttur við afskipti lögreglu og var því tekinn með valdi og færður í lögreglubílinn. Eftir stutta stund náði maðurinn áttum og var honum síðan ekið til síns heima en þar skildi hann við lögregluna og var bara sæmilega sáttur með hennar störf.

---

*lh.is*

### Fréttir úr umferðinni

Uppátæki fólks í umferðinni koma sífellt á óvart og í mars sannaðist það eina ferðina enn. Maður á fólkubíl var stöðvaður, ekki vegna aksturslagsins heldur þess sem fram fór í bílnum á meðan akstrinum stóð. Í aftursætinu var kona og hélt hún á ungabarni í fanginu og var að gefa því brjóst! Þeim var vinsamlegast bent á að betra væri að leggja bílnum við vegkantinn, eða á einhverjum öðrum heppilegri stað, til þess að gefa barninu að drekka ef það þyldi enga bið. Fólkið, sem var ekki í öryggisbelti, tók afskiptunum heldur fálega og var þá undirstrikað að bæði móðir og barn væru óvarin ef þau lentu í árekstri. Sem fyrr fóru ábendingarnar fyrir ofan garð og neðan, en það var þó bót í máli að barnabílstóll var til staðar. Hann var hins vegar laus í bílnum og fólkið virtist ekki kunna að festa hann almennilega þegar þess var krafist. Á stólum voru þó leiðbeiningar um hvernig það skyldi gert og var barnabílstóllinn því festur tryggilega undir eftirliti lögreglumanna á vettvangi. Að því búnu var barninu komið þar fyrir á ábyrgan hátt og fólkinu síðan leyft að halda för sinni áfram.

Aðgæsla er eitt það allra mikilvægasta í umferðinni og enginn ætti því að setjast undir stýri syfjaður og þreyttur. Þessu gleymdi karl um sextugt, sem sofnaði við stýrið á bíl sínum þegar hann var staddur á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar í síðdegisumferðinni skömmu fyrir jól. Bíll mannsins var á rauðu ljósi þegar þetta gerðist og eðlilega olli þetta hættu og óþægindum fyrir aðra vegfarendur. Svo heppilega vildi til að lögreglan var við eftirlit á gatnamótunum á sama tíma og náðu lögreglumenn að vekja ökumanninn. Í framhaldinu var bíl mannsins komið fyrir á bílastæði við Kringluna, en manningnum var gert að hætta akstri tafarlaust. Hann sagðist ekkert hafa sofið síðustu nótt og var manningnum skipað að hvílast vel áður en hann settist aftur við stýrið.



## 28. september

### ÁREKSTUR Á REYKJANESBRAUT

Karl á þrítugsaldri var fluttur á slysadeild eftir árekstur á Reykjanesbraut í Kópavogi í gær. Þar var fólksbil ekið aftan á vinnuvél. Óttast var að ökumaðurinn hefði nefbrotnað en hann sagðist hafa verið annars hugar í aðdraganda slyssins og verið að fíkta við lþod-inn sinn. Bíllinn er talsvert skemmdur en lítið sást á vinnuvélinni.

*lrh.is*

Sem fyrr er hraðakstur það umferðarlagabrot sem flestir eru teknir fyrir. Ökufantarnir eru á öllum aldri og af báðum kynjum, þótt vissulega séu ungir karlar áberandi í þessum hópi. Það var hins vegar ekkert unglamb sem átti í hlut þegar tilkynnt var um ofsaakstur á Hafnarfjarðarvegi á fyrstu dögum haustsins. Þar var karl á sjötugsaldri í kappakstri við sér yngri mann, en bíll þess gamla endaði utan vegar og hann sjálfur á sjúkrahúsi. Seinnihlutann í ágúst voru þrír fluttir á slysadeild eftir að kappakstri tveggja ökumanna, 18 og 19 ára, lauk með því að annar þeirra ók á ljósastaur í Breiðholti. Samtals voru átta ungmenni í bílunum og þykir mikil mildi að ekki fór verr. Slysið vakti óhug enda hafði þá líka nýverið orðið banaslys eftir hraðakstur í borginni. Það hefði með réttu átt að vera öðrum viti til varnaðar.

Mörg hraðakstursbrotanna voru mjög gróf og oftar en ekki voru hinir seku ökumenn sem höfðu þegar komið við sögu hjá lögreglu vegna umferðarlagabrota. Þannig var því farið um karl á fertugsaldri sem var staðinn að ofsaakstri á Reykjanesbraut í Garðabæ í byrjun september. Maðurinn ók bifhjóli, sem mældist á meira en 200 km hraða, og var hann sviptur ökuréttindum á staðnum. Annars átti hraðakstur sér stað víða í umdæminu. Þar voru íbúðagötur ekki undanskildar og stundum voru jafnvel atvinnubílstjórar við stýrið. Þeir ættu kannski að þekkja umferðarlögin öðrum betur, en svo virtist alls ekki vera. Í apríl voru nokkrir strætisvagnabílstjórar staðnir að hraðakstri og var vinnuveitendum þeirra gert viðvart.



## 18. mars

### ELDUR Í FJÖLBÝLISHÚSI

Eldur kviknaði í íbúð í fjölbýlishúsi í austurborginni um kvöldmatarleytið í gær en vel gekk að ráða niðurlögum hans. Karl um áttætt býr í íbúðinni og var hann heima þegar eldurinn kom upp en maðurinn var fluttur á slyshadeild til aðhlyningar. Nokkrar skemmdir urðu í eldhúsi íbúðarinnar en óljóst er með reyskemmdir. Eldsupptök eru ókunn.

*lrh.is*

## 21. september

### ÓHAPP Í ELDHÚSI

Eftir hádegi í gær var tilkynnt um reyk í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Lögregla og slökkvilið fóru strax á vettvang en sem betur fer reyndist enginn eldur þegar á staðinn var komið. Í einni íbúðinni hafði hinsvegar ungur maður verið að hita sér pizzu í ofni og haft hana þar inni alltof lengi. Pizzan var auðvitað ónýtt og eitthvað virðist það hafi farið í skapið á manningum því hann var nú ekkert á því að hleypa lögreglu og slökkviliði inn til sín. Engar skemmdir voru sjáanlegar í íbúðinni eftir þessa misheppnuðu eldamennsku.

*lrh.is*

## Brunar og íkveikjur

Í ársbyrjun var kveikt í íbúð í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði. Kona á þrítugsaldri, sem var gestkomandi í íbúðinni, helli bensíni yfir sófa í stofunni og kveikti í þegar húsráðandi var fjarstaddur. Ekki er vitað hvað henni gekk til, en þarna var sannarlega hættu á ferðum. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins, en miklar skemmdir urðu á íbúðinni og innanstokksmunum. Konan var handtekin á vettvangi og úrskurðuð í nokkurra vikna gæsluvarðhald. Lögreglan rannsakaði bruna í fleiri fjölbýlishúsum, en í júní kviknaði í íbúð í blokk skammt frá lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Í íbúðinni var fólk í annarlegu ástandi, en talið er að eldurinn hafi kviknaði út frá vindlingi eða opnum eldi. Einn viðstaddra reyndi að slökkva eldinn með því að skvetta vökva úr glasi og á logana. Það gerði illt verra enda að öllum líkindum landi í glasinu, en ekki vatn. Íbúðin var nánast ónýtt eftir brunann.

Um mitt sumar varð bruni á athafnasvæði Hringrásar við Klettagarða í Reykjavík. Tilkynning um eldinn barst lögreglu að næturlagi, en eitraðan reyk lagði frá dekkjum sem kviknaði í. Svo heppilega vildi til að vindáttin var hagstæð og því barst reykurinn á haf út, en ekki yfir byggð eins og gerðist þegar kviknaði í á sama stað fyrir nokkrum árum. Slökkvistarfið tók alla nóttina, en mikið magn af léttvatni var notað til að kæfa eldinn. Talið er víst að um íkveikju og skemmdarverk hafi verið að ræða.

Þrjú unglingspiltar brutust inn og kveiktu í húsi við Bústaðaveg í Reykjavík í mars. Húsið var leigt út til sjálfbóðaliðasamtaka, en það var mannlaust þegar piltarnir áttu þar leið hjá. Ekki var vitað hvað brennuvörgunum gekk til. Það var líka fátt um svör þegar lögreglan handtók tvo karla á þrítugsaldri í júlí, en þeir kveiktu í trjágróðri og timbri í austurborginni.

## 23. mars

### KLEINUBAKSTUR Í KÓPAVOGI

Lögreglan var kölluð að húsi í Kópavogi um hádegisbil í gær en þar hafði reykskynjari farið í gang og nágranni gert viðvart. Þegar á vettvang var komið reyndist enginn eldur í húsinu en hinsvegar voru húsráðendur í óða önn að steikja kleinur. Ekki var þetta samt nein fyluferð því lögreglumenn fengu afbragðsgóðar kleinur að launum fyrir skjót viðbrögð.

Það skal áréttað að nágranninn brást rétt við enda er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna með upplýsingar af þessi tagi en einu sinni of sjaldan.

*lrh.is*

Í maí munaði litlu að illa færi þegar flóttamaður kom í höfuðstöðvar Rauða krossins og hótaði að kveikja í sér. Maðurinn var með bensín í plastflöskum og hellti því yfir sig. Sem betur fer tókst lögreglunni að yfirbuga manninn áður en til þess kom.

Fimmtug kona brenndist í andliti og á höndum þegar sprenging varð á heimili hennar í Kópavogi í desember. Á heimilinu var arinn í stofunni og hellti konan etanóli í eldstæðið. Í framhaldinu bar hún eld að og þá varð áðurnefnd sprenging. Upp gaus mikill eldur og tjónið var verulegt. Sonur konunnar var heima þennan örlagaríka dag og kom móður sinni til hjálpar. Fyrir afrekið var pilturinn tilnefndur sem skyndihjálparmaður ársins, en viðbrögð hans voru hárrétt. Lögreglan rannsakaði fleira bruna þar sem hlutir fóru úrskaiðis við eldstæði. Eina haustnóttina kviknaði í íbúð í fjölbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur. Hitaleiðni frá arinstæði kveikti í einangrun milli þilja við gólfhlöt, en með betri frágangi hefði verið hægt að forðast það. Þar fór samt betur en á horfðist, þrátt fyrir einhverjar skemmdir.




## 4. nóvember

### AFSAKANIR OG ÚTSKÝRINGAR

Peir sem koma við sögu hjá lögreglu eru oft með skýringar á reiðum höndum til að afsaka hitt og þetta. Menn segja ýmislegt sér til málsbóta en svo var því einmitt farið hjá tveimur tvítugum piltum, sem voru handteknir fyrir þjófnað í miðborginni á dögunum. Á lögreglustöð gengust þeir við brotinu enda málið svo gott sem borðleggjandi þar sem piltarnir voru bókstaflega gripnir glóðvolgir. Þeir vildu kenna áfengi um að svona hefði farið en sannarlega voru þeir ölvaðir. Piltarnir héldu því jafnframt mjög á lofti að þeir væru menntamenn með algjörlega flekklausan feril. Ekki var það nú alveg satt því annar þeirra var nýverið handtekinn vegna gruns um fíkniefnamisferli. Því er svo við að bæta að mál félaganna fer nú sína leið í kerfinu en ósagt skal látið hvort menntun þeirra verði metin þeim til refsilækkunar.

*lrh.is*



### Straumsvíkurmálið

Amfetamín kom mikið við sögu í fíkniefnamálum á höfuðborgarsvæðinu árið 2011. Lagt var hald á um 30 kg af umræddu fíkniefni, en þriðjungur þess fannst í gámi sem kom með vöruflutningaskipi til Straumsvíkurhafnar í október. Amfetamínið var falið í gámnum innan um efni til matvælagarðar. Við leit lögreglu og tollgæslu var þar einnig að finna um 200 grömm af kókaíni, rúmlega 8 þúsund e-töflur og verulegt magn af sterum, bæði í töflu- og vökvaformi. Leit yfirvalda var engin tilviljun enda höfðu þau beðið komu skipsins frá Rotterdam í Hollandi. Málið átti sér nokkurn aðdraganda, en lögreglan hafði komist á snoðir um fyrirhugaðan innflutning fyrr á árinu. Rannsókn málsins var umfangsmikil og var ýmsum rannsóknarúrræðum beitt, m.a. símhlustunum.

Tveir karlar voru handteknir í þágu rannsóknarinnar eftir að gámurinn kom til landsins, annar á fimmtugsaldri en hinn á sextugsaldri. Sá yngri hafði áður komið við sögu hjá lögreglu, en báðir mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi um tíma á grundvelli almannahagsmuna. Fleiri voru handteknir og kallaðir til yfirheyrslu vegna málsins, sem og annarra fíkniefnamála sem mennirnir tengdust með einhverjum hætti. Þar má nefna að í lok júní fundust nokkur hundruð grömm af amfetamíni á heimili annars þeirra, en þá þegar voru mennirnir undir eftirliti lögreglu. Um fíkniefnin og sterana í gámnum er það hins vegar að segja að mat lögreglu var að yngri maðurinn hefði lagt á ráðin um innflutninginn og síðan skipulagt hann í samráði við þann eldri. Sá síðarnefndi sá um að koma hinum ólöglega varningi í gáminn í Hollandi, en starfa sinna vegna þekkti maðurinn til slíkra flutninga.

## 12. september

### TEKINN TVISVAR FYRIR FÍKNIEFNAAKSTUR

Karl á fertugsaldri var tekinn í tvígang fyrir fíkniefnaakstur á tæpum sólarhring í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst var hann stöðvaður í austurborginni á föstudag og svo aftur í Kópavogi daginn eftir. Þá hafði maðurinn komist yfir annað ökutæki en var sem fyrr í annarlegu ástandi. Viðkomandi, sem hefur ítrekað komið við sögu hjá lögreglu, hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

*lrh.is*

## Fíkniefni og vopn

Fíkniefnabrotum fjölgaði árið 2011 og meira af fíkniefnum var haldlagt á höfuðborgarsvæðinu en árið á undan. Amfetamín vó þar þungt, en auk Straumsvíkurmálsins má nefna rannsókn lögreglunnar á innflutningi tæplega 4 kg af amfetamíni í júní. Það var líka flutt sjóleiðina og með fragtskipi. Skipverji, karl á fertugsaldri, notfærði sér aðstöðu sína um borð og kom fíkniefnunum til landsins. Hann tók sjálfur við þeim í Rotterdam í Hollandi og kom þeim síðan fyrir í aftursæti bíls eftir komu skipsins til Reykjavíkurhafnar. Lögreglan fann amfetamínið í bílnum og handtók manninn. Af öðrum fíkniefnum má nefna að svipað var haldlagt af maríjúana árið 2011 og árið á undan. Þetta árið var hins vegar tekið minna af hassi í samanburði við árið 2010. Einnig má geta þess að lögreglan lagði hald á næstum 50 þúsund e-töflur á árinu, en það er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári

Fíkniefni fundust á ýmsum stöðum í umdæminu og iðulega við húsléitir, en margar slíkar voru framkvæmdar á árinu. Auk fíkniefna fundust líka vopn í allmörgum tilvikum, en í tengslum við skotárás í Bryggjuhverfinu var lagt hald á nokkrar byssur og tugi hnífa. Árásin var einmitt rakin til fíkniefnaviðskipta og uppgjör skulda, eins og kunnugt er. Sýnt þykir að brotamenn hafa vopn undir höndum, en erfitt er að meta fjölda þeirra. Vopnin eru margskonar og má þar helst nefna haglabyssur, loftbyssur, riffa, skammbyssur, hnífa, hnúajárn, kylfur og rafloftbyssur. Árlega er lagt hald á nokkra tugi haglabyssna og á annað hundrað hnífa, svo dæmi séu nefnd.

Sé hægt að tala um hefðbundin fíkniefni á markaði hérlendis á það varla við um khat, fíkniefni sem fannst við tollskoðun í maí. Fjórir útlendingar voru handteknir vegna málsins, en þeir höfðust við á gistiheimili í Reykjavík. Rannsóknin snerist um tæplega 60 kg af khat, en þetta var aðeins í annað sinn, sem efnið var haldlagt á Íslandi.




## 9. september

### LANDAFRAMLEIÐSLA Í KÓPAVOGI

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði landaframleiðslu í húsi í Kópavogi í morgun. Lagt var hald á um 800 lítra af gambra, nokkra tugi lítra af landa og búnað tengdan starfseminni. Einn maður var handtekinn og yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar og játaði hann aðild sína að málinu.

*lrh.is*



Sumarið áður fundust nokkrir tugir kílóa af khat í öðru lögregluumdæmi. Ekki þótt líklegt að ætlun mannanna hafi verið að koma khat á markað hér, heldur hafi Ísland verið einhverskonar viðkomustaður á leið með fíkniefnin frá Evrópu og vestur um haf, líklegast til Bandaríkjanna og Kanada

Ekki þarf að hafa mörg orð um hinar hörmulegu afleiðingar fíkniefnaneyslu, en í apríl fannst kona um tvítugt látin í íbúð í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Vitneskja var um að fíkniefna var neytt í íbúðinni, en dánarorsök konunnar var alvarleg eitrun af völdum PMMA. Um var að ræða blandað metamfetamín, sem inniheldur svokallað PMMA og er mjög eitrað. Staðfest voru fleiri tilvik þar sem PMMA kom við sögu hérlendis. Í tveimur þeirra átti í hlut maður, sem var í tvígang tekinn fyrir umferðarlagabrot á skömmum tíma. Í bæði skiptin var hann undir áhrifum fíkniefna sem innihéldu PMMA. Lögreglan sendi frá sér viðvörðun vegna fíkniefnanna, en jafnframt var óttast að PMMA kynni að geta borist hingað á nýjan leik. Vitað var um dauðsföll tengd þessu efni víða um heim, m.a. í Noregi en þar létust nokkur ungmenni af völdum þess.



## 5. september

---

### KANNABISPLÖNTUR OG SNÁKAR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannab isræktun í húsi í Garðabæ á föstudag. Við húsleit á áður nefndum stað var lagt hald á um 30 kannabisplöntur og ýmsan búnað tengdan starfseminni. Á sama stað var einnig að finna þrjú snáka og voru þeir líka fjarlægðir. Karl á þrítugsaldri var yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

---

*lrh.is*

### Kannab isræktanir

Málum vegna framleiðslu fíkniefna hefur fjölgað hratt á undanförunum árum, en mikil breyting varð í þessum efnunum í kjölfar efnahagsþrenginga og bankahruns. Frá þeim tíma hefur lögreglan stöðvað ótal kannab isræktanir og árið 2011 var haldið áfram á sömu braut. Lagt var hald á þúsundir plantna, en segja má að daglega komi mál á borð lögreglu sem með einhverjum hætti varða kannab isefni. Í kannab is eru mörg ólík efni en eitt þeirra, THC, veldur aðallega vímuáhrifunum. Allar vísbendingar lögreglu benda til að meðalstyrkur þess fari hækkandi og er það áhyggjuefni. Stöðugur áróður um skaðleysi kannab is gerir líka illt verra, en neysla kannab isefna getur einmitt haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Sem fyrr vógu upplýsingar frá borgurunum þungt þegar kom að því stöðva kannab isræktanir. Áfram var hringt í fíkniefnasímann 800-5005 með allskonar upplýsingar og komu þær gjarnan að góðum notum.

Samhliða fjölgun mála hafa aðferðir þeirra sem standa að kannab isræktun breyst. Áður voru kannab isræktanir yfirleitt í iðnaðarhúsnæði og lagt var hald á nokkur hundruð plöntur í einu. Nú eru kannab isræktanir oftast settar upp í fjölbýlishúsum. Í þeim er oft að finna 20-100 kannabisplöntur, en undir starfseminna er lagt rými sem er u.þ.b. 20-50 fm. Sá sem að þessu stendur hverju sinni býr ýmist í íbúðinni, eða notar hana eingöngu fyrir ræktunina. Iðulega er lagt í mikla vinnu og kostnað til að fela ræktunina og því getur reynst erfitt að greina ummerki um hana. Oftast er um leiguíbúðir að ræða og verða þær ósjaldan fyrir miklum skemmdum vegna raka, hita, festinga á ræktunarbúnaði og annars frágangs. Þegar kemur að sölu og dreifingu efnanna taka yfirleitt aðrir við og því er greinilega nokkur verkaskipting hjá þessum óprúttu aðilum.



Prátt fyrir áherslu lögreglu á að stöðva kannabísræktanir hefur hún líka áhyggjur af framleiðslu annarra fíkniefna. Skemmst er að minnast fíkniefnaframleiðslu í Hafnarfirði fyrir fáeinum árum, en lögreglan telur að framleiðsla á amfetamíni og metamfetamíni eigi sér stað hér á landi. Sama á við um lokavinnslu á kókaíni. Lögreglan efast ekki heldur um aðkomu erlendra brotahópa að þessari starfsemi.

## 29. ágúst

### EFTIRLITSLAUS UNGLINGAPARTÍ

Talsvert var kvartað undan hávaða frá gleðskap í heimahúsum um helgina. Í einhverjum tilvikum var um að ræða eftirlitslaus unglingspartí en í einu slíku voru um 50 krakkar mættir á staðinn. Húsráðandinn reyndist vera 14 ára og ófær um að ráða við slíkar aðstæður. Lögreglan stöðvaði samkvæmið og vísaði gestunum frá.

*lrh.is*



## Menningarnótt

Púsundir gesta lögðu leið sína í miðborgina þegar Menningarnótt var haldin í Reykjavík í ágúst. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá, en hátíðinni lauk með flugeldasýningu og eftir hana héldu flestir til síns heima. Sem fyrr voru höfð afskipti af ölvuðu fólki, ekki síst unglingsum í miður góðu ástandi. Talsverðu magni af áfengi var hellt niður, en skipulega var unnið gegn áfengisdrykkju og ólöglegri útivist barna og unglings. Þeir sem höfðu ekki aldur til að vera úti við var vísað heim eða færðir í athvarf. Þaðan var hringt í foreldra og forráðamenn og þeir látnir sækja unglingsana. Í þeim hópi voru tveir 12 ára piltar, sem var gert að láta áfengi af hendi. Eldvatnið ætluðu þeir reyndar ekki að drekka sjálfir, heldur voru þeir staðnir að því að selja öðrum unglingsum áfengi.

Að venju stóð fjölmennit lið lögreglu vaktina á Menningarnótt og hafði mannskapurinn í mörg horn að líta. Umferðin gekk að mestu áfallalaust, en nokkur umferðaróhöpp voru samt tilkynnt til lögreglunnar. Tvö þeirra mátti rekja til ölvunaraksturs, en alls voru sex teknir fyrir ölvunarakstur á Menningarnótt og einn fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Nokkuð bar á að ökutækjum væri illa og ólöglega lagt, en fjarlægja þurfti ökutæki af vettvangi með dráttarbil í nokkrum tilvikum. Allmargir ökumenn áttu líka mjög erfitt með að virða lokanir gatna.

Talsvert var kvartað undan hávaða í heimahúsum eftir að gestir Menningarnæturs voru komnir til síns heima. Átti það raunar við um höfuðborgarsvæðið allt. Nokkrar líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglu, en þær voru nær allar minni háttar. Nokkrir fengu að gista í fangageymslunni, en þar hefur oft verið fjölmennara. Eins og venjulega naut lögreglan aðstoðar ýmissa aðila á Menningarnótt og það var ekki síst því að þakka hversu vel til tókst.



## 23. september

---

### OFURHUGI Í ÓGÖNGUM

Ungur drengur lenti í vandræðum þegar hann klífraði upp í tré á leiksvæði við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Ferðin upp gekk vel en þegar halda átti aftur niður á jörðina vandaðist málið. Stráksi sat því fastur í trénu og þurfti að kalla til lögreglu og slökkvilið. Komið var með körfubíl á staðinn og var hann notaður til að ná drengnum niður. Það gekk fljótt fyrir sig og ofurhuganum varð ekki meint af.

*lrh.is*

### Óvenjuleg verkefni

Það segir sig sjálf að svikahrappar koma oft við sögu hjá lögreglu og þykir kannski ekki frétt næmt. Sjaldgæfara er þó að svindlarar á grunnskólaaldri séu tilkynntir til lögreglu, en sú var raunin í sumarbyrjun. Í ónefndum grunnskóla kom á daginn að óprúttinn aðili hafði komist inn í tölvukerfi skólans og breytt einkunnum nokkurra nemenda til hins betra. Svindlarinn fannst, en viðkomandi notaði aðgangsorð kennara til að gera áður nefndar lagfæringar. Ekki er vitað til hvaða refsingar skólinn greip, en málið var útljáð á svokölluðum sáttafundi að viðstöddum forráðamönnum.

Sem betur fer kemur dýraníð ekki oft til rannsóknar hjá lögreglu, en í september og október komu þó tvö slík mál á borð embættisins. Í öðru þeirra var um að ræða hross í hagabeit í Kjósarhreppi, en áverkar fundust á þremur hryssum. Áverkarnir voru á kynfærum dýranna, bæði utanverðum og einnig innvortis. Ekki tókst að hafa

## 14. júlí

### KYLFIGAR Í KÓPAVOGI

Golfiðkun tveggja piltar stöðvuð í Kópavogi eftir að golfkúla annars þeirra hafnaði í bíl sem ekið var um eina af götum bæjarins. Engan sakaði og það er auðvitað fyrir mestu. Atvikið minnir okkur hinsvegar á að golf er heppilegast að spila á þar til gerðum golfvöllum. Við þá marga er einnig að finna sérstaklega útbúin æfingasvæði sem eru kjörin fyrir áhugasama kylfinga. Piltunum var gerð grein fyrir þessu en þeir höfðu svo mikla trú á eigin getu að þeir drógu í efa að golfkúla frá þeim hefði getað lent á bílnum. Engir aðrir kylfingar voru sjáanlegir á svæðinu og því þykir líklegast að strákarnir séu ekki eins góðir og þeir sjálfir halda!

*lrh.is*

hendur í hári niðingsins, en tveir mánuðir liðu frá því að fyrst var vitað um ódæðisverkin og þangað til tilkynnt var um þau til lögreglu. Í seinna málinu var farið inn í hesthús í Kópavogi. Innandyra voru nokkrir hestar, en einum þeirra voru veittir áverkar á kynfæri. Rétt eins og í Kjósarhreppi voru áverkarnir líka taldir vera af mannavöldum.

Allnokkrir hundar komust í kast við lögin árinu, ef þannig má að orði komast. Málin voru keimlík, en í þeim öllum var þessi besti vinur mannsins sakaður um að bíta eða glefsa í gesti og gangandi. Það voru bæði börn og fullorðnir sem urðu fyrir þessari leiðu lífsreynslu, en henni fylgdu stundum meiðsli og jafnvel skemmdur fatnaður. Þrátt fyrir að hundaeigendur séu almennt til fyrirmyndar eru samt sumir þeirra sem standa sig ekki alveg nógu vel. Tilkynningar um lausa hunda eru m.a. til marks um það.

Útköll vegna skriðdýra voru líka nokkur og hefur svo verið undanfarin ár. Aðallega eru það snákar sem lögreglan hefur haldlagt, en sumir hafa mikla ást á þessum dýrum og dæmi um að sami maður hafi verið tekinn fyrir þetta brot oftár en einu sinni. Þótt lögreglan sé ekki sérfræðingur í snákum er hún þó farin að þekkja svokallaða kornsnáka ágætlega. Þeir eru einmitt sú tegund sem helst er lagt hald á. Eðlur skjóta líka stundum upp kollinum, líkt og gerðist í austurborginni í júlí. Sú var bókstaflega að spóka sig í glugga íbúðarhúss þegar lögreglumenn við hefðbundið eftirlit áttu þar leið framhjá og sáu eðluna. Hún var tekin í vörslu lögreglu og fékk sömu örlog og snákarnir, en alltaf eru gerðar viðeigandi ráðstafanir í tilfellum sem þessum.



## 12. maí

### HEIÐARLEGT FÓLK

Honum hefur væntanlega verið illa brugðið manningum sem týndi nokkur hundruð þúsund krónum í peningum. Og að sama skapi hefur hann trúlega tekið gleði sína á ný þegar þeir komu aftur í leitirnar. Lögreglan frétti af málinu í morgun þegar hjón á áttæðisaldri höfðu samband og sögðust hafa fundið umslag á útivistarsvæði í borginni. Í því voru allir peningarnir og einnig kvittun með nafni eigandans. Peningarnir voru því næst sóttir til heiðurshjónanna og þaðan farið með þá á lögreglustöð. Síðan var haft samband við eigandann, mann á miðjum aldri, og kom hann á lögreglustöð í framhaldinu. Hann var að vonum þakklátur og skildi eftir fundarlaun sem lögreglan færði hinum heiðarlegu hjónum.

*lrh.is*



## Lögreglan og samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að miðlun upplýsinga. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur verið óhrædd við að nýta sér þessa nýju tækni, en hún stofnaði síðu á samskiptavefnum Facebook í desember 2010. Viðtökurnar voru mjög góðar og greinilegt að fólk kunni vel að meta framtak lögreglunnar. Árið 2011 bárust embættinu ótal ábendingar og athugasemdir um hvaðeina í gegnum miðilinn, að því ógleymdu að þar voru oft líflæg skoðanaskipti um ýmiss málefni. Samhliða fjölgaði vinum lögreglunnar á Facebook jafnt og þétt, en þeir voru rúmlega 13 þúsund í árslok 2011. Ekki er ofsagt að framganga lögreglunnar á Facebook hafi vakið nokkra eftirtekt, en síðla árs var embættið tilnefnt til Nýsköpunarverðlaunanna. Notkun samfélagsmiðla á sviði löggæslu var yfirskrift verkefni sem fékk sérstaka viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberum rekstri. Með samfélagsmiðlum er einnig átt við Twitter, sem lögreglan tók sömuleiðis í sína notkun um svipað leyti og Facebook-síða embættisins var opnuð.

Til viðbótar áður nefndum samfélagsmiðlum er jafnframt mikið af upplýsingum frá lögreglunni að finna á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)) Enn sem komið er býður lögregluvefurinn þó ekki upp á gagnvirk samskipti, hvað sem síðar kann að verða. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur árlega birt hundruð fréttu og tilkynninga á lögregluvefnum, sem gefur ágæta innsýn í verkefni lögreglu á hverjum tíma. Árið 2011 birti embættið um 650 fréttir og tilkynningar á lögregluvefnum, sem er svipað og undanfarin ár. Sérstök ástæða er til að nefna að eldri ársskýrslur embættisins er allar að finna á lögregluvefnum. Svokallaðar svæðaskýrslur, sem innihalda afbrotatölfræði, er sömuleiðis að finna á þessum sama vef.

## 7. október

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

Talsvert er kvartað undan hávaða að næturlagi frá gleðskap í heimahúsum á höfuðborgarsvæðinu en tilkynningar þess efnis berast lögreglu í hverri viku. Tilefni veisluhalds er misjafnt en þó verður að teljast sjaldgæft að menn haldi sérstaklega upp á þann áfanga að þeir séu að fara að leggjast inn á spítala til að gangast undir aðgerð. Sú var þó raunin á dögum þegar lögreglan var kölluð að fjölbylishúsi í umdæminu en í einni íbúðinni stóð yfir fjörugt samkvæmi og hávaðinn var eftir því. Húsráðandi, karl á besta aldri, kom til dyra þegar bankað var upp á og var nokkuð undrandi á þessari heimsókn laganna varða. Sér til málsbóta sagðist maðurinn vera á leið í aðgerð á spítala og nú væru síðustu forvöð að sletta ærlega úr klaufunum því næstu vikurnar myndi hann ekkert komast á djammíð, eins og hann orðaði það. Lögreglumennirnir á vettvangi hlustuðu skilningsríkir á manninn en bentu honum jafnframt á að hann yrði samt að taka tillit til nágranna sinna. Maðurinn féllst á það og var honum síðan óskað góðs bata áður en farið var af staðnum en þá var jafnframt komin ró yfir partígestina.

*lrh.is*

## Hverfa- og svæðafundir

Í nóvember fór lögreglan til fundar við lykilmál í nær öllum sveitarfélögum í umdæminu og hitti jafnframt að máli fulltrúa úr flestum hverfum borgarinnar. Um er að ræða árlega fundarherferð embættisins, en yfirleitt eru haldnir á annan tug funda víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta árið voru þeir ívið færri, en allir mjög mikilvægir. Fundarsókn hefur oftast verið góð og fundarmenn jafnvel skipt tugum þegar best lætur. Dagskráin er jafnan sú sama, eða að kynna þróun brota á hverjum stað fyrir sig. Niðurstöður árlegrar könnunar um viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim eru einnig ávallt kynntar, en við framkvæmd könnunarinnar 2011 var í fyrsta skipti aflað gagna með tvennskona hætti, þ.e. í gegnum síma og netið. Á fundunum fara fulltrúar lögreglunnar jafnframt yfir stefnu og áherslur embættisins og svara fyrirspurnum fundarmanna, en sjaldnast er skortur á spurningum.


Umferðarmál eru oft efst á baugi þegar orðið er gefið frjálst. Svo hefur raunar verið öll þessi ár sem lögreglan hefur komið á hverfa- og svæðafundi í umdæminu. Áhyggjur af hraðakstri eru skiljanlegar, ekki síst í íbúðahverfum. Við þessu hefur lögreglan brugðist og lagt mikla áherslu á hraðamælingar. Innbrot hafa líka verið fundarmönnum ofarlega í huga. Þetta árið komu þau til tals á mörgum fundum, en sem betur fer hefur innbrotum fækkað verulega á höfuðborgarsvæðinu. Nágrannavarsla er annað umfjöllunarefni sem fólk hefur mikinn áhuga á að ræða. Svo virðist sem áhugi á nágrannavörslu sé að aukast og er það vel. Ýmis málefni, sem snerta börn og unglinga eru jafnan rædd á hverfa- og svæðafundum. Ekki má heldur gleyma fíkniefnum, en fólk hefur eðlilega miklar áhyggjur af þróun mála, t.d. hvað varðar neyslu kannabiseftna.

## 18. febrúar

### ÓSÆTTI VEGNA TÖLVUNOTKUNAR

Fyrr í vikunni var lögregla kölluð að heimili á höfuðborgarsvæðinu vegna ágreinings um tölvunotkun. Þar áttu mæðgin í útistöðum en þrætueplið var tölvunotkun sonarins. Móðirin vildi meina að tölvunotkunin bitnaði á náminu en pilturinn sá hlutina ekki sömu augum. Reynt var miðla málum og síðan farið af vettvangi. Ekki er vitað hvort viðvarandi lausn fannst á tölvunotkun unglingsins á þessu heimili en vandamálið er ekki með öllu óþekkt. Um það vitna önnur útköll lögreglu af sama tagi.

*lrh.is*



### Eitt og annað

Í ársbyrjun var embættinu falið að rannsaka meint brot forstöðumanns fangelsis úti á landi, en hann var grunaður um að hafa misfarið með fjármuni og eigur Fangelsismálastofnunar. Framkvæmd var ítarleg leit á heimili forstöðumannsins og á skrifstofum fangelsisins og hald lagt á fjölda hluta, sem grunur lék á að keyptir hefðu verið fyrir reikning stofnunarinnar. Þar má nefna ýmiss verkfæri, ryksugu, hrærivél og flatskjá. Einnig afhenti hinn grunaði lögreglu hluti sem voru haldlagðir í kjölfarið og enn fremur tvö hundruð þúsund krónur í peningum, sem var söluandvirði bifreiðar í eigu stofnunarinnar. Maðurinn var einnig grunaður um að hafa fengið aðila sér tengdan til að útbúa tilhæfulausa reikninga vegna vinnu við ýmis verk á athafnasvæði fangelsisins og notað þá í bókhaldi að baki úttektum á reiðufé af bankareikningi stofnunarinnar, sem hann nýtti í eigin þágu. Ríkissaksóknari gaf út ákæru í málinu á seinnihluta ársins.

Karl á þritugsaldri varð fyrir því óláni að bifreið hans varð bensínlaus í morgunumferðinni á Miklubraut í Reykjavík skömmu fyrir jól. Til að bæta gráu ofan á svart var maðurinn á leið í próf og mátti því engan tíma missa. Honum til happs var lögreglumaður staddur í nágrenninu og ók hann manninum í snarhasti á næstu bensínstöð til að sækja nokkra lítra af bensíni. Að því loknu var manninum ekið aftur að bílnum. Þar var bensíninu hellt á tankinn og síðan brunaði maðurinn í prófið. Hann var lögreglunni afar þakklátur fyrir þessu skjótu viðbrögð, en manninum mun hafa gengið ágætlega á prófinu. Við þetta er að bæta að fyrir hjálpsemina fékk lögreglumaðurinn heiðursverðlaun Stúdentaráðs, en fulltrúar þess voru mjög ánægðir með greiðvikni lögreglunnar í þessu máli.







## 21. júlí

### LAXVEIÐIMENN

#### TEKNIR Í GRAFARVOGI

Tveir veiðimenn voru gripnir glóðvolgir við laxveiðar í Grafarvogi um miðjan dag í gær. Mennirnir, sem eru báðir um þrítugt, höfðu komið sér fyrir undir Gullinbrú og veitt tvo laxa þegar lögreglan kom á vettvang. Þeim var vinsamlegast bent á að veiðiskapur þeirra væri brot á lögum um lax- og silungsveiði. Laxinn var haldlagður en veiðimennirnir sögðu sér til málsbóta að þeir þekktu ekki fiskana með nafni. Sjálfir áttu þeir líka í erfiðleikum með að muna eigin nöfn og treglega gekk að draga það upp úr þeim.

*lrh.is*

Traust almennings til lögreglunnar var mikið á árinu 2011, en um það mátti lesa í skoðanakönnunum. Í könnun Capacent í mars sögðust 83% aðspurðra treysta lögreglunni, en það var besta útkoma hennar frá því að umrætt fyrirtæki fór að kanna traust til stofnana fyrir allmörgum árum. Í könnun sem Markaðs- og miðlarannsóknir framkvæmdi í október fékk lögreglan sömuleiðis góða útkomu, en þá sögðust 81,3% aðspurðra bera mikið traust til hennar. Í báðum tilvikum (Capacent og MMR) var spurt um traust almennings til helstu stofnana og/eða embætta í samfélaginu. Niðurstöðurnar voru embættinu vitaskuld mikið gleðiefni.

Í september söfnuðust aðdáendur Justins Bieber saman við Hlemm og gengu fylktu liði niður á Ingólfstorg. Nokkur hundruð börn og unglingar mættu í skrudgönguna, en þar voru þó unglingsstúlkur í miklum meirihluta. Aðdáendur Bieber, sem er kanadískur poppsöngvari og gríðarlega vinsæll hjá ungu kynslóðinni, héldu spjöldum á lofti, en á þeim voru ýmsar áritanir. Aðallega voru aðdáendurnir að lýsa yfir ást sinni á söngvaranum en jafnframt að hvetja hann til að heimsækja Ísland og halda hér tónleika. Lögreglan hafði nokkurn viðbúnað vegna göngunnar og var umhugað um öryggi vegfarenda. Skemmst er þó frá því að segja að allir þátttakendur í göngunni voru til fyrirmyndar, en uppátækið setti mjög skemmtilegan svip á mannlífið á annars venjulegum haustdegi.

Frékar lítið fór fyrir mótmælum á árinu 2011, en einna helst er að fólk safnist saman á Austurvelli við þingsetningu eða eldhúsdagsumræður. Sú var einmitt raunin snemma í október, en þá var nokkur mannföldi við Alþingishúsið. Sem fyrr voru langflestir mótmælenda til fyrirmyndar, en nokkrir þeirra voru þó vopnaðir eggjum og grýttu þeim að þingmönnum. Flest þeirra misstu marks, en þó voru fáeinir þingmenn sem fengu að kenna á eggjunum. Sem betur fer varð þeim ekki meint af.

## REKSTUR

Áframhaldandi niðurskurður var það sem blasti við hjá ríkisstofnunum árið 2011. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var þar ekki undanskilin, en frá efnahagshruninu 2008 hefur hún mátt þola samtals um 500 m. kr. niðurskurð á þriggja ára tímabili. Lætur nærri að það sé um 14% fjárheimilda og munar um minna. Vegna þessa hefur embættið þurft að grípa til margvíslegra aðgerða. Margar þeirra voru erfiðar, en hjá þeim varð ekki komist. Bætt nýting fjármuna er raunar einn lykilþátta hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og var skilgreind sérstaklega í upphafi (2007) sem einn liður á leið embættisins að markmiðum þess. Á þeim tíma gátu hins vegar fáir, ef nokkrir, séð það fyrir sem síðar varð í efnahagslífi þjóðarinnar.

Ekki verður því sagt að rekstrarskilyrði hafi batnað á árinu 2011. Hinn frægi niðurskurðarhnifur var áfram á lofti og leitað var allra leiða til að draga úr útgjöldum. Þetta útheimti mikla vinnu og útsjónarsemi, en áætlun embættisins fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir jafnvægi í rekstrinum. Þegar upp var staðið var niðurskurðurinn tæplega 4%, eða um 117 m. kr. Ársreikningur sýnir því um 28 m. kr. rekstrarhalla á árinu. Samkvæmt því hækkar uppsafnaður rekstrarhalli embættisins í tæplega 73 m. kr. Þetta er um 12 m. kr. verri afkoma en rekstraráætlun gerði ráð fyrir og um 0,1% frávik frá endurskoðaðri áætlun þar sem m.a. var tekið tillit til áhrifa nýrra kjarasamninga.

Það er ekki sjálfgefið að halda úti viðunandi þjónustu við áðurnefndar aðstæður, en þökk sé starfsmönnum embættisins að það tókst. Að öllu samanlögðu má því ef til vill segja að rekstur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafi gengið vonum framár árið 2011.


Tafla 1 - Rekstur ársins 2011 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Ársreikn. 2011
<b>Rekstur</b>	3.117.978	3.344.992	3.347.439
<b>Fjárheimildir</b>	3.118.000	3.319.300	3.319.300
<b>Mism.</b>	22	(25.692)	(28.139)
<b>Eigið fé 31.12.10</b>	(61.022)	(44.701)	(44.701)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> (eigið fé 31.12.11)	(61.000)	(70.393)	(72.840)
<b>Frávik m.v. fjárheimildir</b>	-2,0%	-2,1%	-2,2%



Tafla 2 - Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum árið 2011 (þ.kr.)

<b>Tekjur</b>	
Sértekjur	61.080
	61.080
<b>Gjöld</b>	
<b>Laun</b>	
Dagvinna	1.398.771
Vaktaálag	284.767
Aukagreiðslur	160.503
Yfirvinna	391.987
Launatengd gjöld	547.906
	2.783.935
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	
Ferðir og fundir	37.220
Rekstrarvörur	90.533
Aðkeypt þjónusta	153.707
Húsnæði	136.741
Bifreiðar og vélar	160.318
Afskriftir krafna o.fl	3.608
Eignakaup	42.456
	624.583
	3.408.519
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	
	(3.347.439)
Ríkisframlag	3.319.300
	(28.139)
Eigið fé 1.1.2011	(44.701)
Eigið fé 31.12.2011	(72.840)



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2011









Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2011

	Sektarboð	Sektargerð
Útsend	7.391	1.617
Greidd	6.883	618
Í dómsmeðferð	1.069	0

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2012 eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumenn	Alls
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	45	11	56
<b>Innri endurskoðun</b>	0	2	2
<b>Löggæsluvið</b>	10	223	233
Aðgerða og skipulagsd.	0	3	3
Almenn löggæsla	6	204	210
Stoðdeildir	4	16	20
<b>Rannsóknar- og ákærusvið</b>	17	46	63
Ákærusvið	16	2	18
Rannsóknarsvið	1	44	45
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	1	0	1
<b>Starfsmannadeild</b>	5	0	5
<b>Upplýsinga- og áætlanadeild</b>	5	1	6
<b>Yfirstjórn</b>	4	4	8
<b>Samtals við störf</b>	87	287	374
<b>Nemar</b>	0	14	14
<b>Veikindi</b>	0	15	15
<b>Fæðingarorlof</b>	2	4	6
<b>Alls starfsmenn</b>	89	320	409

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2012 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	17	39	56
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	192	41	233
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	171	39	210
Stoðdeildir	18	2	20
Rannsóknar- og ákærusvið	49	14	63
Ákærusvið	10	8	18
Rannsóknarsvið	39	6	45
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Starfsmannadeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	3	3	6
Yfirstjórn	7	1	8
<b>Samtals við störf</b>	<b>271</b>	<b>103</b>	<b>374</b>
Nemar	11	3	14
Veikindi	14	1	15
Fæðingarorlof	1	5	6
<b>Alls starfsmenn</b>	<b>297</b>	<b>112</b>	<b>409</b>

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2012 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	11	0	11
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	186	37	223
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	168	36	204
Stoðdeildir	15	1	16
Rannsóknar- og ákærusvið	41	5	46
Ákærusvið	2	0	2
Rannsóknarsvið	39	5	44
Skrifstofa lögreglustjóra	0	0	0
Starfsmannadeild	0	0	0
Upplýsinga- og áætlanadeild	1	0	1
Yfirstjórn	4	0	4
<b>Samtals við störf</b>	<b>245</b>	<b>42</b>	<b>287</b>
Nemar	11	3	14
Veikindi	14	1	15
Fæðingarorlof	1	3	4
<b>Alls starfsmenn</b>	<b>271</b>	<b>49</b>	<b>320</b>

Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2012 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	6	39	45
Innri endurskoðun	0	0	0
Löggæslusvið	6	4	10
Aðgerða og skipulagsd.	0	0	0
Almenn löggæsla	3	3	6
Stoðeildir	3	1	4
Rannsóknar- og ákærusvið	8	9	17
Ákærusvið	8	8	16
Rannsóknarsvið	0	1	1
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Starfsmannadeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	2	3	5
Yfirstjórn	3	1	4
<b>Samtals við störf</b>	<b>26</b>	<b>61</b>	<b>87</b>
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	2	2
<b>Alls starfsmenn</b>	<b>26</b>	<b>63</b>	<b>89</b>

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2012	409
Fjöldi ársverka 2011	372,41
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	15,31%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	70,80%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda	7,45%
Starfsmannavelta* - lögregla	5,31%
Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn	11,24%
Fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi í árslok	9

\*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs







Tafla 9 - Handtökur og vistanir árið 2011

<b>Handtökur</b>	
<b>Fjöldi handtaka</b>	3.883
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	2.323
<b>Vistanir</b>	
<b>Fjöldi vistana</b>	2.408
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	1.294

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árið 2011

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	361	218
<b>Febrúar</b>	293	165
<b>Mars</b>	336	234
<b>Apríl</b>	276	163
<b>Maí</b>	392	228
<b>Júní</b>	297	166
<b>Júlí</b>	378	227
<b>Ágúst</b>	313	175
<b>September</b>	313	172
<b>Október</b>	314	187
<b>Nóvember</b>	329	197
<b>Desember</b>	281	191
<b>Samtals</b>	3.883	2.323

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árið 2011


	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	754	528
<b>Þriðjudagur</b>	389	208
<b>Miðvikudagur</b>	422	212
<b>Fimmtudagur</b>	491	258
<b>Föstudagur</b>	507	278
<b>Laugardagur</b>	572	345
<b>Sunnudagur</b>	748	494
<b>Samtals</b>	<b>3.883</b>	<b>2.323</b>

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árið 2011

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	240	136
<b>Febrúar</b>	189	94
<b>Mars</b>	199	135
<b>Apríl</b>	184	103
<b>Maí</b>	238	127
<b>Júní</b>	184	90
<b>Júlí</b>	220	112
<b>Ágúst</b>	175	84
<b>September</b>	200	97
<b>Október</b>	212	118
<b>Nóvember</b>	201	104
<b>Desember</b>	166	94
<b>Samtals</b>	<b>2.408</b>	<b>1.294</b>

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árið 2011

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	418	266
<b>Priðjudagur</b>	252	132
<b>Miðvikudagur</b>	289	137
<b>Fimmtudagur</b>	330	144
<b>Föstudagur</b>	347	170
<b>Laugardagur</b>	366	201
<b>Sunnudagur</b>	406	244
<b>Samtals</b>	<b>2.408</b>	<b>1.294</b>



Mynd 2. Próun í fjölda handtaka og vistana 2008 - 2011





Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115  
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - [www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
[www.facebook.com/logreglan](http://www.facebook.com/logreglan)

# Lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

**Hverfisgötu 113-115**  
**150 Reykjavík**

**Grensásvegi 9**  
**108 Reykjavík**

**Dalvegi 18**  
**201 Kópavogi**

**Flatahrauni 11**  
**220 Hafnarfirði**

**Krókhálsi 5b**  
**110 Reykjavík**

**Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112**

